FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

77. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 31. MARS 2017





Herra Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, og Vladimír Pútín, forseti Rússlands, funduðu í Arkhangelsk í Rússlandi í gær. Þar voru þeir staddir til að sækja málþing um málefni Norðurslóða. Ræddu þeir sameiginleg málefni þjóðanna og þau vandamál og tækifæri sem blasa við á norðurslóðum. Fundinn sátu einnig utanríkisráðherrar þjóðanna tveggja. NORDICPHOTOS/AFP

## Veðmál ógna íþróttunum

**SAMFÉLAG** Erlendir veðbankar sem bjóða tippurum upp á að veðja á leiki yngri flokka í íslenskri knattspyrnu gera það til þess að lokka inn yngri íslenska tippara. Þetta er mat Péturs Hrafns Sigurðssonar, deildarstjóra hjá Íslenskum getraunum. Málþing verður haldið um veðmál í íþróttum hér á landi í dag. – **þea** / sjá síðu 4

## Óljóst hvernig ný höfn hjálpi

**BYGGÐAMÁL** Vilhjálmur Vilhjálmsson, forstjóri HB Granda, svarar því ekki hvernig uppbygging nýrrar hafnaraðstöðu á Akranesi muni breyta því að taprekstur er af landvinnslu fyrirtækisins á staðnum – sem eru helstu rök fyrirtækisins fyrir því að leggja hana niður. – **sa, shá** / sjá síðu 4

# Fara undan í flæmingi

**Fulltrúar Hauck & Aufhauser benda hver á annan og segjast lítið vita um sjónarspilið sem bankinn tók þátt í í tengslum við söluna á Búnaðarbankanum 2003.**

**VIÐSKIPTI** Aðilar tengdir þýska bankanum Hauck & Aufhäuser benda hver á annan þegar Fréttablaðið spyr um aðild bankans að kaupum á hlut ríkisins í Búnaðarbankanum.

Í skriflegu svari til Fréttablaðsins segir Martin Zeil, sem var forstöðumaður lögfræðisviðs bankans, að hann sé hættur hjá Hauck & Aufhauser og því ekki í stöðu til að tjá sig um atburði sem áttu sér stað fyrir fjórtán árum. Hann beinir fyrirspurnum beint til Hauck & Aufhäuser. Zeil hefur átt farsælan feril í stjórnmálum undanfarin ár og var meðal annars ráðherra í Bæjaralandi.

Sandra Freimuth, fjölmiðlafulltrúi hjá Hauck & Aufhäuser, segir við Fréttablaðið að bankinn hafi ekki fengið skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Vegna þess hve langt er síðan salan átti sér stað og vegna þess að bankinn eigi ekki gögn sem tengjast sölunni geti hún ekki tjáð sig um málið.

> **Út á við sögðumst við eiga bréfin en hinn fjárhagslegi ávinningur rann til þessa þriðja aðila.**
>
> Helmut Landwehr, fyrrverandi meðeigandi í Hauck & Aufhauser



Helmut Landwehr, fyrrverandi meðeigandi og framkvæmdastjóri í þýska bankanum sagðist í samtali við Fréttablaðið í gær ekki geta fullyrt hvort hugmyndin hefði verið að Hauck & Aufhäuser yrði aldrei raunverulegur eigandi. „Bankinn var í raun fjárvörsluaðili.“ Hann segist ekki muna fyrir hvern.

„Það sem ég man er að bankinn var vörsluaðili (e. trustee) og hélt á bréfum fyrir þriðja aðila. Út á við sögðumst við eiga bréfin en hinn fjárhagslegi ávinningur rann til þessa þriðja aðila,“ sagði Landwehr í samtali við Fréttablaðið í gær en hann er nú umsvifamikill fjárfestir í Texas í Bandaríkjunum.

**- sg/aó** sjá bls. 6, bls.8

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Bergur Ebbi skrifar um snjalltækjamenningu. 11

**SPORT** Kristófer Acox er kominn heim og genginn í raðir KR. 12






**LÍFIÐ** Vera Wonder Sölvadóttir þreytir frumraun sína í kvikmyndabransanum. 28

**PLÚS SÉRBLAÐ**
● FÓLK ● MALBIK


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




Norðlæg átt 8-13 m/s um landið norðvestanvert, en annars hægari breytileg átt. Dálítlar skúrir eða él norðan til á landinu, skúrir um landið suðaustanvert, en yfirleitt þurrt suðvestan til.

SJÁ SÍÐU 18



NORDICPHOTOS/GETTY

# Borgin opnar deildir fyrir ungbörn

**SVEITARSTJÓRNIR** Reykjavíkurborg opnar ungbarnadeildir í leikskólum sínum en aðgerðaáætlun í leikskólamálum var samþykkt í borgarráði í gærmorgun.

Frá og með næsta hausti verða settar á fót ungbarnadeildir við fjóra leikskóla borgarinnar og verða þær sérhæfðar, með aðstöðu, leikrými og búnaði sem hæfir þroska og tryggir öryggi barna á öðru og þriðja aldursári. Stefnt er að því að slíkar ungbarnadeildir verði starfræktar í öllum hverfum borgarinnar.

Í fyrsta áfanga verða settar á fót sjö ungbarnadeildir við leikskólana Miðborg, Holt (Breiðholti), Sunnuás (Laugardal) og Blásali (Árbæjarhverfi) og taka þær til starfa í ágúst/september 2017. Alls verður pláss fyrir um 90 börn á þessum sjö ungbarnadeildum. Einnig er stefnt að því að reisa nýjan ungbarnaleikskóla á Kirkjusandi sem mun starfa með leikskólanum Hofi.

Plássum fyrir ung börn verður fjölgað í sjálfstætt starfandi leikskólum í borginni um allt að 200. Niðurgreiðslur vegna barna hjá dagforeldrum verða hækkaðar og settur á fót starfshópur með þátttöku félaga dagforeldra sem mun móta tillögur um leiðir til að auka gæði og öryggi í þjónustu dagforeldra. Þá stendur til að auglýsa eftir nýjum dagforeldrum til að mæta aukinni eftirspurn eftir þjónustu þeirra.

Heildarkostnaðar vegna fyrrnefndra aðgerða nemur tæpum 164 milljónum króna á þessu ári. **– shá**

# Fleiri leita hjálpar Stígamóta




**Fleiri leituðu hjálpar hjá Stígamótum á síðasta ári en sést hefur síðan árið 1992. Þá voru fleiri hóp- og lyfjanauðganir skráðar en áður. Þetta er á meðal þess sem kemur fram í ársskýrslu Stígamóta sem Guðrún Jónsdóttir talskona kynnti á blaðamannafundi í gær. Alls komu 29 hópnauðganir inn á borð Stígamóta og 27 lyfjanauðganir. Þá leituðu 654 einstaklingar til Stígamóta á árinu, þar af 372 í fyrsta skipti.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Telur sig hafðan fyrir rangri sök

**LÖGREGLUMÁL** Halldór Viðar Sanne, dæmdur fjársvikari, segist beittur órétti og röngum sakargiftum. Hann situr í gæsluvarðhaldi grunaður um milljónasvik með því að hafa fé af fólki á leigumarkaði.

„Umbjóðandi minn telur sig borinn röngum sökum og hefur í yfirheyrslum tjáð lögreglu að hann sé saklaus,“ segir lögmaður hans Steinbergur Finnbogason.

„Gæsluvarðhaldsúrskurður hefur verið kærður til Hæstaréttar,“ segir Steinbergur enn fremur.

Fjöldi aðila hefur á síðustu vikum lagt inn kærur til lögreglu þar sem þeir telja sig svikna af Halldóri Sanne. Grímur Grímsson yfirlögregluþjónn sagði við Fréttablaðið í gær að kærur væru enn að berast lögreglu og því ekki vitað með vissu hversu margar kærurnar yrðu í heildina. **– sa**

# Þungt hljóð innan SAF vegna skattabreytinga

**Það var hiti í fundargestum félagsfundar Samtaka ferðaþjónustunnar í gær. Samtökin mótmæla harðlega fyrirhuguðum breytingum á virðisaukaskatti og þeim aðferðum sem var beitt og segja að uppbygging á jaðarsvæðum stöðvist.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** „Áform um frekari uppbyggingu verða í uppnámi og samkeppnisstaða mun skekkjast enn frekar. Uppbygging sem nú er hafin mun algjörlega stöðvast á jaðarsvæðunum,“ segir Grímur Sæmundsen, formaður Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF).

Samtökin blésu til félagsfundar með stuttum fyrirvara í gær vegna boðaðra breytinga á virðisaukaskatti. Ríflega hundrað manns mættu á fundinn og var hljóðið í fundarmönnum þungt.

Á ársfundi Samtaka atvinnulífsins á miðvikudag boðaði Bjarni Benediktsson forsætisráðherra lækkun á efra þrepi virðisaukaskattsins. Þá yrði ferðaþjónustan færð úr neðra skattþrepi yfir í það efra. Sem stendur er neðra þrepið ellefu prósent en eftir breytingu verður hið efra 22 prósent. Fyrirhugað er að breytingin taki gildi um mitt ár 2018.

„Við mótmælum þessum fordæmalausu áformum sem gjörbreyta rekstrarumhverfi ferðaþjónustufyrirtækja,“ segir Grímur. Í máli hans kom fram að hann og Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri SAF, hefðu verið boðuð á fund þar sem þeim voru kynnt áformin. Ekkert samráð hafi verið haft við samtökin og Stjórnstöð ferðamála hafi verið sniðgengin við ákvörðunina.

„Við Helga náðum að kreista það fram að reiknimeistarar fjármálaráðuneytisins horfa til þess að ná 16 til 20 nýjum milljörðum af greininni með þessum áformum þegar þau eru að fullu komin til framkvæmda. Þetta kemur til viðbótar þeim 90 milljörðum sem greinin skilar í skatta og gjöld á þessu ári,“ segir Grímur. Hann benti á að ekki væri línulegt samhengi milli aukins fjölda ferðamanna og afkomu greinarinnar. Afkoma fyrirtækja hafi verið verri árið 2016 en árið 2015 þrátt fyrir fjölgun ferðamanna. Breytingin komi verst niður á litlum og meðalstórum fyrirtækjum en þau horfi fram á þrot eða niðurskurð verði áformin að veruleika.




**Rannveig Grétarsdóttir, framkvæmdastjóri Eldingar, Ívar Ingimarsson, framkvæmdastjóri Óseyrar, Ásberg Jónsson, stofnandi Nordic Visitor, og Hallgrímur Lárusson hjá Snæland Grímsson fluttu framsögur á fundinum.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> Reiknimeistarar fjármálaráðuneytisins horfa til þess að ná 16 til 20 nýjum milljörðum af greininni með þessum áformum.
>
> Grímur Sæmundsen, formaður SAF



„Við munum ekki taka því þegjandi að ríkisstjórnin klúðri því tækifæri sem við höfum skapað og hefur bjargað þessari þjóð frá efnahagshruni,“ segir Grímur.

„Í stað þess að taka á svartri atvinnustarfsemi eru álögur auknar á okkur sem erum með hlutina í lagi,“ segir Rannveig Grétarsdóttir, eigandi og framkvæmdastjóri Hvalaskoðunar Reykjavíkur. Hún merki nú þegar færri bókanir og styttri ferðir. „Ferðaþjónustufyrirtæki úti kvarta yfir óstöðugleika því við þurfum sífellt að senda út nýja verðlista vegna breytinga á lögum, kjarasamningum og genginu.“ **johannoli@frettabladid.is**


Við lækkum verðin!

Vegna hagstæðs gengis og tollalækkana þá lækkum við verðin á grillum




69.900

• Afl 10,5 KW
• 3 brennarar úr ryðfríu stáli
• Postulínsemalerað eldhólf
• Grillgrindur úr pottjárni
• PTS hitajöfnunarkerfi
• Kveiking í öllum tökkum
• Niðurfellanleg hliðarborð
• Tvöfalt einangrað lok
• Postulínsemaleruð efri grind
• Hitamælir
• Auðveld þrif - Bakki fyrir fitu undir öllu grillinu
• Vönduð yfirbreiðsla fylgir

Opið virka daga 11-18
Laugardaga 11-16

Nr. 12934

Grillbúðin

Smiðjuvegi 2, Kópavogi - www.grillbudin.is - Sími 554 0400

BETRI NOTAÐIR BÍLAR

# BETRI NOTAÐIR BÍLAR Á BETRA VERÐI

TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY

## HÉR ERU NOKKUR DÆMI:

BNB



Lexus CT200h EXE leður
Bensín og rafmagn, sjálfsk.
Á götuna 12/15 ekinn 4.000 km.
Verð: 4.590.000.- Rn. 990335
Betra verð: 4.170.000,-

BNB



Toyota Auris Active Wagon
Dísel, beinsk.
Á götuna 4/16 ekinn 6.800 km.
Verð: 3.370.000,- Rn. 990720
Betra verð: 2.970.000

BNB



Toyota Land Cruiser 150 VX
Dísel, sjálfsk.
Á götuna 6/16 ekinn 4.000 km.
Verð: 10.750.000.- Rn. 990800
Sóllúga

BNB



Toyota Corolla Live
Dísel, beinsk.
Á götuna 5/15 ekinn 47.000 km.
Verð: 2.550.000,- Rn. 990858
Betra verð: 2.270.000,-

BNB



Toyota Auris Active Plus Wagon
Dísel, beinsk.
Á götuna 04/16 ekinn 7000 km.
Verð: 3.450.000,- Rn. 990689
Betra verð: 2.990.000,-

BNB



Lexus RX450h EXE
Bensín og rafmagn, sjálfsk.
Á götuna 10/16 ekinn 800 km.
Verð: 10.490.000.- Rn. 990687
Sóllúga

BNB



Toyota Corolla Active
Bensín, beinsk.
Á götuna 1/16 ekinn 4.000 km.
Verð: 3.450.000.- Rn. 990603
Betra verð: 3.090.000,-

BNB



Toyota Prius Lounge
Bensín og rafmagn, sjálfsk. leður.
Á götuna 8/12 Ekinn 43.000 km.
Verð: 3.490.000,- Rn. 990403
Betra verð: 2.990.000,-

BNB



Toyota Proace GX Langur
Dísel, sjálfsk.
Á götuna 10/13 Ekinn 70.000 km.
Verð 3.390.000,- Rn. 990781
Betra verð: 2.850.000,-

BNB



Toyota Auris Active
Dísel, beinsk.
Á götuna 11.14 ekinn 26.700 km.
Verð 2.770.000,- Rn. 990537
Betra verð: 2.470.000,-

BNB



Toyota Prius Hybrid Active
Bensín og rafmagn, sjálfsk.
Á götuna 3/12 ekinn 70.000 km.
Verð 2.670.000.- Rn. 990775
Betra verð: 2.290.000,-

BNB



Toyota Auris Active
Dísel, beinsk.
Á götuna 8/16 ekinn 780 km.
Verð 3.380.000.- Rn. 990854
Betra verð: 3.090.000,-

## BETRI NOTAÐIR BÍLAR VEITA ÞÉR HUGARRÓ

Þeir hafa staðist okkar ströngustu kröfur í 125 punkta gæðaskoðun og eru í fullri verksmiðjuábyrgð hjá Toyota eða Lexus.

Betri notaðir bílar eru á útisvæði okkar og í sýningarsal Toyota Kauptúni. Renndu við og veldu draumabílinn.

Framúrskarandi Toyota þjónusta. Örugg og áhyggjulaus bílaviðskipti.

Þú getur alltaf selt okkur bílinn þinn aftur.

Ný vefsíða
betri leit
bnb.is

ergo

SÖLUMENN OKKAR TAKA VEL Á MÓTI ÞÉR OG STJANA VIÐ ÞIG

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070
www.toyotakauptuni.is

Opið mán - fös:
07.45 -18.00
Laugardaga:
12.00 - 16.00

BNB
Betri notaðir bílar

UB
Umboðssölu-bílar

# Segir markaðssetningu veðbanka beint að íslenskum ungmennum

**SAMFÉLAG** Erlendir veðbankar sem bjóða tippurum upp á að veðja á leiki yngri flokka í íslenskri knattspyrnu gera það til þess að lokka inn yngri íslenska tippara. Þetta er mat Péturs Hrafns Sigurðssonar, deildarstjóra hjá Íslenskum getraunum.

Fréttablaðið greindi frá því í vikunni að íslenskir tipparar hafi mokgrætt á leik Fylkis og Fram í 2. flokki í knattspyrnu karla. Höfðu tipparar upplýsingar um liðsskipan sem veðbankar höfðu ekki.

„Spurningin snýst um hvers vegna erlendu fyrirtækin bjóða upp á þessa leiki ef þau eru að tapa á þeim. Það er enginn í rekstri til að tapa,“ segir Pétur. Hann segir veðbankana líta á tapið sem markaðskostnað. Þá segir hann að rannsóknir Daníels Ólafssonar, prófessors við HÍ, sýni fram á orsakasamhengi þess að vinna stórt í byrjun og þróa með sér spilafíkn.

> Það er enginn í rekstri til þess að tapa.
>
> Pétur Hrafn Sigurðsson, deildarstjóri hjá Íslenskum getraunum



Pétur segir veðmálin auka líkur á hagræðingu úrslita. Þegar tippari þarf að bíða lengi án sigurs gæti hann leitað til leikmanna um að hagræða úrslitum.

Málþing um hættuna af hagræðingu úrslita fer fram í HR klukkan 12 í dag. Arnar Þór Jónsson, lektor við lagadeild HR og umsjónarmaður málþingsins, segir veðmál orðin praktískt vandamál. „Þetta er farið að ógna heilbrigði íþróttanna. Menn hafa áhyggjur af þessu,“ segir hann.

Arnar bendir á að freistingar fyrir leikmenn hafi aukist með tilkomu veðmála um jaðarþætti á borð við innköst. „Þeir gætu sagt við sjálfa sig að þeir ráði engu um úrslitin þótt þeir sparki boltanum út af.“

Arnar Þór segir enn fremur að þetta hljóti að hrista allan grundvöll íþrótta í heiminum. **– þea**



**Maðurinn skaut inn í íbúð einstæðrar móður á Akureyri.** FRÉTTABLAÐIÐ/SVEINN

## Ákærður fyrir árás á Akureyri

**SAKAMÁL** Héraðssaksóknari hefur gefið út ákæru á hendur manni á fimmtugsaldri fyrir að hafa skotið fimm skotum úr haglabyssu að bifreiðum og inngangi íbúðar í Naustahverfi á Akureyri í mars í fyrra.

Manninum er gefið að sök að hafa stofnað lífi og heilsu íbúa í augljósa hættu með framferði sínu.

Í ákærunni kemur fram að rúða í forstofu brotnaði og skemmdir urðu á innanstokksmunum og fatnaði í anddyri. Hagladrífan stöðvaðist á skáphurðum og vegg andspænis útidyrahurð hússins. **– sa**

## Píratar með veipfrumvarp

**ALÞINGI** Fjórir þingmenn Pírata lögðu í gær fram frumvarp til laga um rafrettur og tengdar vörur. Er frumvarpið frábrugðið þeim drögum að frumvarpi um rafrettur, eða veipur, sem heilbrigðisráðuneytið hefur birt.

„Frumvarp þetta er svar við illa unnu og skaðlegu frumvarpi heilbrigðisráðherra,“ segir í greinargerð með frumvarpinu.

Í frumvarpi Píratanna er ekki kveðið á um hámarksstærð flaskna fyrir vökva sem má selja. Til samanburðar má finna slíkt hámark í væntanlegu frumvarpi heilbrigðisráðherra, tíu millilítra.

Aukinheldur yrði stærð rafrettutanka takmörkuð við 15,2 millilítra í stað tveggja líkt og heilbrigðisráðherra leggur til. **– þea**

# Óljóst hvernig ný höfn snýr við taprekstri Granda á Akranesi

**Forstjóri HB Granda getur ekki svarað því hvernig bætt hafnaraðstaða á Akranesi getur snúið við taprekstri landvinnslunnar á staðnum.**

**BYGGÐAMÁL** Vilhjálmur Vilhjálmsson, forstjóri HB Granda, svarar því ekki hvernig uppbygging nýrrar hafnaraðstöðu á Akranesi muni breyta því að taprekstur er af landvinnslu fyrirtækisins á staðnum – sem eru helstu rök fyrirtækisins fyrir því að leggja hana niður. Fyrr fengust ekki svör við því hversu mikið tapið af rekstri landvinnslunnar er.

Vilhjálmur segir það ekki breyta því að fyrirtækið sé tilbúið til að setjast niður með bæjaryfirvöldum og Faxaflóahöfnum á grundvelli tillögu bæjaryfirvalda sem kynnt var eftir að HB Grandi gaf það út að til stæði að leggja landvinnsluna niður þar sem 93 starfsmenn fyrirtækisins starfa í dag.

„Ég get ekki svarað þeirri spurningu eins og staðan er núna. Ég er búinn að samþykkja að fara í samræður við Akraneskaupstað. Ef ég hefði séð lausn á málinu, þá væri ég búinn að eiga samræður við Akraneskaupstað um það,“ segir Vilhjálmur aðspurður hverju HB Grandi yrði bættari með betri hafnaraðstöðu og bætir við: „Það er ekki auðvelt að standa í því að segja upp 93 einstaklingum á Akranesi og maður gerir sér það ekki að leik.“

Eins og kom fram í Fréttablaðinu í gær sagði Vilhjálmur að Skagamenn ættu ekki að gera sér miklar vonir um að samræður fyrirtækisins við bæjaryfirvöld og Faxaflóahafnir myndu skila árangri.



**Erfiður tími fer nú í hönd hjá landvinnslufólki á Akranesi enda varað við bjartsýni. 93 eiga á hættu að vera sagt upp.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> Ég get ekki svarað þeirri spurningu eins og staðan er núna.
>
> Vilhjálmur Vilhjálmsson, forstjóri HB Granda



Sævar Freyr Þráinsson, bæjarstjóri á Akranesi, spurður að því hvort það væri ekki hrein örvænting að verja miklum fjármunum í þessa framkvæmd, segir að hafa beri í huga að það sé ekki bærinn sem sé að fara í þessa framkvæmd heldur Faxaflóahafnir.

„Það hefur verið stefna Faxaflóahafna að bæta aðstöðuna á Akranesi. Ég tel þessum fjármunum í bætta hafnaraðstöðu á Akranesi vel varið, og að hún verði arðbær ekki aðeins fyrir bæjarfélagið heldur einnig HB Granda og Faxaflóahafnir.“ **– sa, shá**

### Telur landvinnslu í Reykjavík ekki í hættu



Dagur B. Eggertsson borgarstjóri er stjórnarformaður Faxaflóahafna sem fer með 75% hlut Reykvíkinga í fyrirtækinu. Hann segist ekki hafa fengið kynningu á þeim hugmyndum sem um ræðir en hafa rætt við Sævar Frey í síma, og munu fara yfir málið með Skagamönnum einhvern næstu daga.

„Faxaflóahafnir hafa hins vegar verið að ræða hugmyndir að uppbyggingu á Akranesi á undanförnum árum og að mínu mati eru þær ennþá uppi á borðinu.“

Hann segist ekki skilja hugmyndir um uppbyggingu hafnaraðstöðu þannig að HB Grandi muni leggja niður landvinnslu sína í Reykjavík og boðuð lausn þýði atvinnumissi fólks í Reykjavík í stað þeirra sem annars hefðu misst vinnuna á Akranesi. Því sé ekki óþægilegt fyrir sig að vinna að málinu þótt Faxaflóahafnir séu í meirihlutaeigu Reykvíkinga.






# Bretar búa sig undir að færa lögin heim

**BRETLAND** Bresk stjórnvöld búa sig nú undir að færa ákvæði þúsunda reglugerða og tilskipana frá Evrópusambandinu, sem hafa sem slík haft gildi í Bretlandi, beint inn í bresk lög – og þurfa að vera búin að því áður en úrsögn Bretlands úr Evrópusambandinu tekur gildi.

David Davis, sem fer með málefni útgöngu Bretlands úr ESB í ríkisstjórn Theresu May, gerði breska þinginu stuttlega grein fyrir þessum áformum í gær.

Hann sagði þessar breytingar jafnframt þýða að lögsaga Evrópudómstólsins næði ekki lengur til Bretlands.

„Lögin okkar verða þá samin í London, Edinborg, Cardiff og Belfast og ekki túlkuð af dómurum í Lúxemborg heldur af dómurum í Bretlandi,“ sagði hann á þingi, samkvæmt frásögn BBC.

Breski Verkamannaflokkurinn, sem er í stjórnarandstöðu, hefur áhyggjur af því að þingið fái ekki að fylgjast nógu vel með þessum breytingum.



**David Davis, Brexitráðherra bresku stjórnarinnar.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Seint í gærkvöldi undirritaði Nicola Sturgeon, fyrsti ráðherra Skotlands, bréf þar sem hún fór með formlegum hætti fram á að önnur þjóðaratkvæðagreiðsla yrði haldin í Skotlandi um aðskilnað landsins frá Bretlandi. Hefur Sturgeon sagt að Skotar eigi að fá að velja sína framtíð í kjölfar Brexit-atkvæðagreiðslunnar. Alls voru 62 prósent Skota á þeirri skoðun að Bretar ættu ekki að ganga út úr ESB. **– gb**




VERÐ FRÁ:
**2.850.000** kr.
Eyðsla frá 3,2 l/100 | $CO_2$ losun frá 84 g/km

MARGVERÐLAUNAÐUR

Gæði Peugeot 308 heilla þig strax. Nútímaleg hönnun hans og útlit fangar athygli þína og við nánari kynni fellur maður kylliflatur fyrir smáatriðunum og notagildinu. Stílhrein og djörf útlitseinkennin, skilvirku vélarnar og framúrskarandi tæknin gera hann að bíl sem uppfyllir allar kröfur þínar og væntingar. Upplifðu hinn margverðlaunaða Peugeot 308 og þú munt sannfærast um gæði hans.

PEUGEOT 308

MOTION & EMOTION

PEUGEOT

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík**
Bíldshöfða 8
Sími 515 7000

**Brimborg Akureyri**
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

**Nýir og notaðir bílar:**
Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16













## SALAN Á BÚNAÐARBANKANUM



**Samson-hópurinn samanstóð af þeim Björgólfi Guðmundssyni, Magnúsi Þorsteinssyni og Björgólfi Thor Björgólfssyni. Þeir keyptu kjölfestuhlut í Landsbankanum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÖK

# Krefjast rannsóknar á sölu Landsbankans

**Þingmenn, bæði úr stjórnarflokkum og stjórnarandstöðu, telja mikilvægt að fram fari rannsókn á einkavæðingu Landsbankans. Björgólfur Thor Björgólfsson, sem var stór hluthafi í bankanum, tekur einnig undir þá kröfu.**

Þingmenn gagnrýndu framkvæmdanefnd um einkavæðingu harðlega í umræðum um einkavæðingu Búnaðarbankans á Alþingi í gær. Rannsóknarnefnd hefur komist að því að þýski bankinn Hauck & Aufhäuser hafi verið leppur fyrir aðra kaupendur í bankanum. Fjárfestirinn Ólafur Ólafsson hafi blekkt stjórnvöld og almenning í viðskiptunum.

Brynjar Níelsson, formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar, segir að það sem skipti mestu máli sé að fara yfir aðkomu stjórnvalda að viðskiptunum. „Ég ætla ekki að hafa skoðun á því hvort stjórnvöld hafi verið blekkt. Ég ætla ekki að hafa skoðun á því núna hvort stjórnvöld hafi staðið sig illa. Ég vil fara vandlega yfir þessi atriði, staðreyndir og gögn,“ sagði Brynjar Níelsson. Hann ítrekaði þá skoðun sína að ekki ætti að rannsaka einkavæðingu Landsbankans nema ný gögn gæfu tilefni til þess. Bjarni Benediktsson hefur tekið undir þá skoðun.

„Skýrslan vekur spurningar um hverjir vissu hvað og verður að teljast í hæsta máta ólíklegt að fleiri í S-hópnum hafi ekki vitað hvers kyns var og þar með einhverjir ráðamenn,“ sagði Svandís Svavarsdóttir, þingflokksformaður VG, sem segir nýju skýrsluna gefa fullt tilefni til þess að sala Landsbankans og Fjárfestingarbanka atvinnulífsins verði skoðuð. Sagðist hún telja að það væri meirihluti fyrir því á Alþingi að ráðast í slíka rannsókn.

> **Skýrslan vekur spurningar um hverjir vissu hvað.**
>
> Svandís Svavarsdóttir, þingmaður

> **Samson-hópurinn keypti 46 prósent í Landsbankanum þegar hann var einkavæddur.**

Theódóra S. Þorsteinsdóttir, þingmaður Bjartrar framtíðar, gagnrýndi störf einkavæðingarnefndarinnar harðlega. Hún hafi breytt leikreglum eftir að lagt var af stað í söluna. „Þeir sættu sig við hálfkveðna vísu erlendra ráðgjafa. Þeir gengu ekki á eftir frekari upplýsingum. Þeir gáfu viðbótarfresti ofan á viðbótarfresti og bera svo enga ábyrgð á neinu þegar upp er staðið,“ sagði hún.

Samson-hópurinn keypti 46 prósenta hlut í Landsbankanum þegar hann var einkavæddur. Fjárfestirinn Björgólfur Thor Björgólfsson var hluti af hópnum ásamt Björgólfi föður sínum og Magnúsi Þorsteinssyni. Hann tekur undir kröfu um að fram fari rannsókn á sölunni. „Ég hef alltaf verið hlynntur ítarlegri rannsókn á einkavæðingu Landsbankans og Búnaðarbankans 2002 og 2003 og ítreka það nú. Það er löngu tímabært að sú saga verði öll sögð, svo þeir beri skömmina sem eiga hana og aðrir fái uppreist æru,“ sagði Björgólfur í færslu á vef sínum. Hann kvaðst reiðubúinn til að mæta fyrir hvaða nefnd sem er og fara ítarlega yfir einkavæðingu Landsbankans.

jonhakon@frettabladid.is

# Grunur vaknaði þremur árum eftir einkavæðingu Búnaðarbankans

Ólafur Davíðsson, sem var formaður framkvæmdanefndar um einkavæðingu þegar Búnaðarbankinn og Landsbankinn var seldur, segir niðurstöður rannsóknarnefndar Alþingis um sölu á Búnaðarbankanum koma sér í opna skjöldu. Bæði hann og Jón Sveinsson hæstaréttarlögmaður, sem einnig sat í nefndinni, segja að aldrei hafi hvarflað að þeim áður en skrifað var undir kaupsamning að Hauck & Aufhäuser væri leppur fyrir íslenska kaupendur.

Jón segir hins vegar að á sig hafi runnið tvær grímur þegar kaupendur voru horfnir úr eigendahópi bankans. Hann telur að það hafi verið um þremur árum eftir einkavæðinguna. „Þá fór maður að velta því fyrir sér, heyrðu er eitthvað til í því sem sagt hefur verið að bankinn hafi bara verið þarna til málamynda? Ég neita því ekki að maður fór að velta því fyrir sér á þeim tímapunkti,“ segir Jón.



Jón Sveinsson



**Ólafur Davíðsson, fyrrverandi formaður framkvæmdanefndar um einkavæðingu**

Bæði Ólafur og Jón Sveinsson segja einkavæðingarnefndina hafa lagt mikið traust á HSBC-bankann, sem var ráðgjafi stjórnvalda í söluferlinu. „Við áttum miklar viðræður við hugsanlega kaupendur á þeim tíma og vorum með sérfræðing á okkar vegum, HSBC-bankann, sem er alþjóðlegt fyirirtæki og ráðgjafi á þessu sviði, svo við lögðum heilmikið traust á þeirra bakvinnu og rannsóknarvinnu í þessu sambandi. Og þeir komu til baka með það að það væri ekkert óeðlilegt eða athugavert við þetta. Þannig að við töldum þetta vera í lagi á þeim tíma,“ segir Jón. – jhh

DORMA
Láttu drauminn rætast

# LÁTTU DRAUMINN RÆTAST



ÞÚ FINNUR OKKUR
Í HOLTAGÖRÐUM
Á SMÁRATORGI
AKUREYRI OG ÍSAFIRÐI



# TAXFREE

## afsláttur af öllum rúmum til páska*

* Taxfree tilboðið jafngildir 19,35% afslætti. Gildir ekki af stillanlegum botnum eða ofan á önnur tilboð t.d. fermingartilboð. Að sjálfsögðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Dorma.

**Afgreiðslutími Rvk**
Mánudaga til föstudaga kl. 10–18
Laugardaga kl. 11–17
Sunnudaga kl. 13–17 (Smáratorg)
**www.dorma.is**

**Holtagörðum, Reykjavík**
512 6800
**Smáratorgi, Kópavogi**
512 6800

**Dalsbraut 1, Akureyri**
558 1100
**Skeiði 1, Ísafirði**
456 4566

DORMA
Láttu drauminn rætast

SALAN Á BÚNAÐARBANKANUM

# Hverjir högnuðust með Ólafi?

**Bakkavararbræður keyptu sig inn í Kaupþing tveimur vikum áður en bankinn fjármagnaði kaup Welling & Partner í Búnaðarbankanum. Nöfn þeirra koma fyrir í samningsdrögum sem rannsóknarnefndin skoðaði.**



Snærós Sindradóttir
snaeros@frettabladid.is

Óklárað samningsdrög benda til þess að Lýður og Ágúst Guðmundssynir, jafnan kallaðir Bakkavararbræður, hafi átt að hagnast á viðskiptunum með Búnaðarbankann þegar þeim lauk snemma árs 2006. Aflandsfélagið Dekhill Advisors fékk 46,5 milljónir dala inn á reikning sinn í svissneska bankanum Julies Baer & Co, sem samsvarar um 2,8 milljörðum króna á þeim tímapunkti. Enginn veit hver er raunverulegur eigandi félagsins en í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis á kaupunum á Búnaðarbanka eru leiddar líkur að því að Kaupþing eða aðilar tengdir Kaupþingi séu eigendur þess.

Þeim einstaklingum sem Fréttablaðið hefur rætt við undanfarna daga ber saman um að líklegir eigendur Dekhill Advisors séu Lýður og Ágúst Guðmundssynir, að minnsta kosti að hluta. Ástæðan er fyrrnefnd samningsdrög sem benda til þess að áður en ákveðið var að leggja helming ágóðans inn á Dekhill Advisors hafi staðið til að félag í þeirra eigu, Jeff Agents Corp., eignaðist Welling & Partners. Gríðarlegir fjármunir voru inni í því félagi eftir söluna á Búnaðarbankanum en áður, með samningi dagsettum 30. janúar 2003, hafði félagið samþykkt að greiða helming alls hagnaðar félagsins inn á reikning Marine Choice Limited, aflandsfélag í eigu Ólafs Ólafssonar. Afganginn fór svo inn á Dekhill Advisors Ltd.

Vert er að taka það fram að þetta eru getgátur sem byggja á þeim gögnum sem rannsóknarnefnd Alþingis hefur undir höndum og þeim ályktunum sem hún dregur af þeim. Með kaupum Welling & Partners á Búnaðarbankanum árið 2003 var mikið gert til að fela það að Kaupþing var raunverulegur kaupandi að bankanum, tók alla fjárhagslega áhættu og veitti allt fé til kaupanna. Átján dögum áður en kaupin gengu í gegn höfðu Lýður og Ágúst Guðmundssynir keypt sig inn í bankann með 2,4 milljörðum króna gegn 15,76 prósenta hlut. Kaupin fóru fram í gegnum fjárfestingarfélagið Meið ehf., sem bræðurnir áttu með sparisjóðunum og Kaupþingi. Meiður varð stærsti einstaki hluthafi bankans við kaupin.

Tveimur vikum síðar lánaði Kaupþing, Welling & Partners um 2,8 milljarða króna, þremur dögum fyrir undirritunina á kaupsamningi um Búnaðarbankann við íslenska ríkið.

## Aðkoma Bakkavararbræðra að kaupunum á Búnaðarbankanum

**1.** Lýður og Ágúst Guðmundssynir, í daglegu tali kallaðir Bakkavararbræður, kaupa sig inn í Kaupþing 28. desember 2002, 18 dögum áður en Welling & Partners kaupa Búnaðarbankann í gegnum þýska bankann Hauck & Aufhäuser með láni frá Kaupþingi. Kaupverðið er 2,4 milljarðar króna.

**2.** 13. janúar 2003 – Kaupþing lánar Welling & Partners 35,7 milljónir dala – um 2,8 milljarða króna.

**3.** Kaupin á Búnaðarbankanum ganga eftir eins og ítarlega hefur verið greint frá. Þá var komið að því að skipta hagnaðinum og ganga frá lausum endum.

**4.** 2. febrúar 2005 – Karim Van den Ende finnur þrjú „laus“ aflandsfélög – þar á meðal Huntsmead Marketing Limited og Jeff Agents Corp. Félögin höfðu verið stofnuð í september árið 2002.

**5.** Kaupthing Bank Luxembourg kaupir félögin skömmu síðar. Seljandi þeirra var K.V. Associates, sem Kaupþing lánaði Welling & Partners í gegnum eins og Fréttablaðið sýndi ítarlega fram á í gær.

**6.** Þrjú skjöl með yfirskriftinni „samkomulag við raunverulegan eiganda“ varðandi Huntsmead Marketing og Jeff Agents Corp. Í einu þeirra, dagsettu 29. janúar 2003, eru Lýður og Ágúst Guðmundssynir sagðir raunverulegir eigendur Jeff Agents. Skjalið kveður á um að K.V. Associates stýri félaginu fyrir eigendurna. Þetta skjal er samkomulagsdrög, aðeins undirritað af hálfu K.V. Associates en ekki bræðrunum.

**Lýður og Ágúst Guðmundssynir?**

**7.** september 2005. Valréttarsamningur undirritaður á milli Huntsmead Marketing og Jeff Agents um kauprétt Jeff Agents á Welling & Partners. Í þeim samningi er Huntsmead sagt 100% eigandi að félaginu. Samningurinn var dagsettur 30. janúar 2003, tveimur og hálfu ári áður en hann er í raun undirritaður og tveimur árum áður en Kaupþing eignast félagið og það kemur til sögunnar. Verð Welling & Partners er sagt vera 10.000 evrur.

**Huntsmead Marketing Ltd.**

**8.** Samningur sem gengið var frá í september 2005 en dagsettur var 2. apríl 2004 gerir Jeff Agents kleift að nýta sér kaupréttinn á Welling & Partners.

**Welling & Partners Ltd.**

**9.** 17. janúar 2006. Welling & Partners greiðir 46,5 milljónir dala inn á reikning Dekhill Advisors hjá banka í Zürich í Sviss. Þarna hverfur slóð fjármunanna. Þetta er í fyrsta og eina sinn sem þetta félag kemur við sögu í kaupunum á Búnaðarbankanum.

**Jeff Agents Corp.**

**Dekhill Advisors Ltd.**



Martin Zeil. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Fátt um svör frá brellubanka

Aðilar tengdir Hauck & Aufhäuser benda hver á annan þegar þeir eru spurðir um aðild þýska bankans að kaupum á hlut ríkisins í Búnaðarbankanum.

Í skriflegu svari segir Martin Zeil, sem var forstöðumaður lögfræðisviðs bankans þegar salan átti sér stað, að Kjartani Björgvinssyni, formanni rannsóknarnefndarinnar, hafi nú þegar verið gert ljóst að Zeil hafi hætt hjá bankanum fyrir löngu og sé því ekki í stöðu til að tjá sig um atburði sem áttu sér stað fyrir fjórtán árum. Hann beinir fyrirspurnum beint til Hauck & Aufhäuser.

Sandra Freimuth, fjölmiðlafulltrúi hjá Hauck & Aufhäuser, segir í skriflegu svari að í ljósi þess að bankinn hafi ekki fengið skýrsluna, og vegna þess hve langt er síðan salan átti sér stað og að bankinn eigi ekki gögn sem tengjast sölunni, geti hún ekki tjáð sig um málið. Auk þess starfi þeir sem aðstoðuðu við blekkinguna ekki lengur hjá bankanum. **– sg**

## Augljóst mynstur í fléttum Ólafs að sögn Björns Jóns

Björn Jón Bragason sagnfræðingur segir að þegar hann skoðaði einkavæðingu Búnaðarbankans á sínum tíma hafi hann séð augljóst mynstur í viðskiptum Ólafs Ólafssonar. Í tímariti Sögufélagsins frá árinu 2011 skrifaði hann grein sem fjallaði um þegar Búnaðarbankinn var seldur og rifjaði Björn þar upp að aðkoma Hauck & Aufhäuser að Búnaðarbankanum minnti um margt á fjárfestingu Bruno Bischoff í Samskipum. Ári síðar skrifaði hann svo grein í tímaritið Þjóðmál sem hét Falið eignarhald Ólafs Ólafssonar í kjölfar Al-Thani ákærunnar.

„Mér fannst, þegar ég var að skrifa um þetta á sínum tíma, ég sjá ákveðið mynstur. Það var augljóst sem hefur svo komið á daginn,“ segir Björn.

Í grein sinni frá 2011 segir Björn að þegar Ólafur varð forstjóri Samskipa á sínum tíma hafi verið stærsta verkefni hans að finna kaupanda að kjölfestuhlut í félaginu.

Hann hafi leitað víða erlendis og kynnst Christian Smitd, bankastjóra Société Générale í Hamborg. Skömmu síðar komst hann í samband við eigendur þýska skipafélagsins Bruno Bischoff í sambandsríkinu Bremen og skyldu þeir eignast 34 prósenta hlut í Samskipum í gegnum eignarhaldsfélagið NAT, North Atlantic Transport, sem Ólafur átti í raun og veru en leyndi eignarhaldinu.

Bruno Bischoff var kynnt fyrir íslenskum fjárfestum sem traust, og rótgróið fyrirtæki og úr varð að íslensk stórfyrirtæki og fjárfestingarsjóðir komu með nýtt hlutafé.

Rúmu ári síðar fór eignarhaldsfélagið Hof úr hluthafahópnum eftir að raunverulegt eignarhald NAT kom í ljós. **– bb**

> **Mér fannst, þegar ég var að skrifa um þetta á sínum tíma, ég sjá ákveðið mynstur. Það var augljóst sem hefur svo komið á daginn.**
>
> Björn Jón Bragason, sagnfræðingur

### Erlendir leppar Ólafs

**Þýska skipafyrirtækið Bruno Bischoff – Samskip**
Þýska skipafyrirtækið Bruno Bischoff keypti 34 prósenta hlut í gegnum eignarhaldsfélagið NAT, North Atlantic Transport, árið 1994 í Samskipum. Eftir að tilkynnt var að þrír hluthafa væru á leiðinni út úr fyrirtækinu kom í ljós að Ólafur átti NAT.

**Þýski bankinn Hauck & Aufhäuser – Búnaðarbankinn**
Staðfest var með skýrslu RNA að bankinn var leppur fyrir kaup á hlut í Búnaðarbankanum árið 2003. Ólafur stýrði verkefninu frá a-ö.

**Serafin Shipping – Icelandic group**
Árið 2005 eignaðist félagið Serafin Shipping Corp. 5,96 prósenta hlut í Icelandic group. Því var slitið skömmu síðar, hlutnum ráðstafað til Fordace Limited og Deeks Associates. Félögin tvö eru bæði skráð á Tortóla, stofnuð í júní 2005.

**Mohamed bin Khalifa Al-Thani – Kaupþing**
Sýndarviðskipti sem Ólafur var dæmdur í fjögurra og hálfs árs fangelsi fyrir. Ólafur hafði milligöngu um kaupin og var lán sjeiksins fjármagnað með láni frá Ólafi sem fékk lán frá Kaupþingi í gegnum félag sitt, Serafin Shipping. Corp.


# Styrkir

Fræðslusjóðs til þróunar og nýsköpunar í framhaldsfræðslu

**Fræðslumiðstöð atvinnulífsins auglýsir eftir umsóknum um styrki úr Fræðslusjóði vegna nýsköpunar- og þróunarverkefna í framhaldsfræðslu, sbr. lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010.**

Forgangssvið við úthlutun árið 2017 eru:

- Raunfærnimat í atvinnulífinu sem byggist á hæfnigreiningu starfa.
  Þróun rafræns, gagnvirks námsefnis sem nýtist markhóp framhaldsfræðslu.
- Nýungar í námi og kennslu í starfstengdri íslensku fyrir einstaklinga á vinnumarkaði, með erlent tungumál að móðurmáli.
- Samstarf fræðsluaðila og fyrirtækja/stofnana um aðferðir til virkrar þátttöku í símenntun á vinnustað.

Umsókn:

- hafi skýr skilgreind markmið og vel skilgreinda verkefnastjórn,
- mæti sýnilegri þörf fyrir menntunarúrræði í framhaldsfræðslu,
- feli í sér nýsköpun eða þróun sem nýtist markhópi framhaldsfræðslu,
- feli í sér samstarf og að framlag samstarfsaðila sé tryggt og vel skilgreint,
- hafi skýra kostnaðar-, verk- og tímaáætlun,
- sé líklegt til að skila hagnýtri afurð og verði vel kynnt.

Tekið er á móti umsóknum til og með 7. maí 2017.

Eingöngu er tekið við umsóknum á rafrænu formi. Umsóknareyðublað, lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og nánari upplýsingar um vinnuferli og viðmið vegna styrkumsóknar má nálgast á vef Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, **www.frae.is**. Þar eru einnig upplýsingar um fyrri úthlutanir til þróunar og nýsköpunar í framhaldsfræðslu.

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS
MENNTUN Á VINNUMARKAÐI

RAUNFÆRNIMAT FRAMHALDSFRÆÐSLA NÁM OG RÁÐGJÖF




MOTTU MARS

# TAKK!

**Við þökkum stuðninginn við Mottumars með**

# -13 KR.

**HJÁ ÓB OG OLÍS MEÐ LYKLUM OG KORTUM Í DAG**




PIPAR\TBWA • SÍA

# Vanda til verka



Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Við fall fjármálakerfisins fékk Seðlabanki Íslands í fangið eignir upp á hundruð milljarða. Þar munaði mest um kröfur á hendur slitabúum gömlu bankanna. Bankinn hefur unnið að því á undanförnum árum að koma þeim eignum í verð og undir lok síðasta árs var búið að losa um eignir fyrir nærri 500 milljarða. Sú eignasala hefur að stórum hluta heppnast vel og endurheimtur verið umfram væntingar.

Ein verðmætasta eign Seðlabankans var sex prósenta hlutur í Kaupþingi en eftir nauðasamninga var bankinn fjórði stærsti hluthafi félagsins. Seðlabankinn ætlaði sér ekki að halda á þeim hlut út líftíma Kaupþings og í nóvember voru bréfin seld fyrir nítján milljarða til vogunarsjóða. Salan, sem er líklega ein stærsta einstaka eignasala stjórnvalda eftir fjármálaáfallið, vekur spurningar um hvernig að henni hafi verið staðið í ljósi tíðinda af nýlegu samkomulagi Deutsche Bank og Kaupþings.

Upplýst var um það í Markaðnum í vikunni að gengi bréfa Kaupþings hefði rokið upp um liðlega 30 prósent þegar tilkynnt var í lok janúar að þýski bankinn hefði samþykkt að ljúka ágreiningsmáli við Kaupþing með 50 milljarða eingreiðslu. Sá hlutur sem Seðlabankinn hafði selt um tveimur mánuðum áður hækkaði því um leið í virði um fjóra til sex milljarða enda ljóst að endurheimtur hluthafa Kaupþings verða umtalsvert meiri en áður var áætlað. Kaupendur að hlut bankans, sem hafa hagnast stórkostlega á þeim viðskiptum á skömmum tíma, voru sömu sjóðir og eru nú komnir í eigendahóp Arion banka. Seðlabankinn segist ekki hafa haft upplýsingar á þessum tíma um viðræður Kaupþings og Deutsche Bank og að slík niðurstaða væri í burðarliðnum.

Hér hefur augljóslega ekki verið nægjanlega vandað til verka þegar litið er til þeirra gríðarmiklu verðmæta sem Seðlabankinn var með í höndunum. Heildareignir Kaupþings námu ríflega 400 milljörðum í árslok 2016. Vitað var að óvissa um endanlegar heimtur hluthafa lutu einkum að tilteknu eignasafni – svonefndum vandræðaeignum – en þar undir var 500 milljóna evra krafa Kaupþings á hendur þýska bankanum. Seðlabankinn virðist ekki hafa ráðist í þá vinnu, eða aflað sér ráðgjafar í því skyni, að greina hvort þær eignir ættu eftir að skila meiri endurheimtum en bókfært virði gaf til kynna áður en hlutur bankans var boðinn til sölu. Ársfjórðungslegar kynningar Kaupþings sýndu hins vegar að félagið væri að vinna að því að ljúka stórum ágreiningsmálum með samkomulagi í stað þess að fara með þau fyrir dómstóla.

Þá hefur einnig komið í ljós, eins og fram kemur í fjárfestakynningu Deutsche Bank, að samkomulagið við Kaupþing hafi í reynd klárast í október – áður en Seðlabankinn seldi hlut sinn – en fyrst verið tilkynnt hluthöfum þremur mánuðum síðar. Þrátt fyrir þessar opinberu upplýsingar segist Kaupþing ekki geta staðfest þá tímasetningu og ber fyrir sig „rík trúnaðarákvæði í samningum við Deutsche Bank“. Þótt ekki sé hægt að fullyrða neitt um það á þessu stigi þá er eðlilegt að spyrja þeirrar spurningar hvort kaupendur bréfa Seðlabankans, sem meðal annars var langsamlega stærsti og áhrifamesti hluthafi Kaupþings, hafi haft vitneskju um niðurstöðuna við Deutsche Bank á þeim tíma. Seðlabankinn hlýtur í framhaldinu að óska eftir frekari skýringum frá Kaupþingi.

**Kaupendur að hlut Seðlabankans hafa því hagnast stórkostlega á þeim viðskiptum á skömmum tíma.**


**AXA WORLD FUNDS**
(« AXA WF »)
Société d'Investissement à Capital Variable
Siège social : 49, Avenue J-F Kennedy, L-1855 Luxembourg
R.C.S. Luxembourg B 63 116

We are pleased to invite you to attend the

**ANNUAL GENERAL MEETING OF SHAREHOLDERS**

of AXA World Funds, to be held at 49, Avenue J-F Kennedy, L-1855 Luxembourg on April 26th, 2017 at 11:00 a.m., with the following agenda :

1. Review and Approval of the report of the Board of Directors and of the Auditor (*réviseur d'entreprises agréé*);
2. Review and Approval of the Annual Accounts as of December 31st, 2016;
3. Review and Approval of the allocation of the results;
4. Discharge to the Directors for the financial year ended December 31st, 2016;
5. Statutory appointments;
6. Miscellaneous.

Shareholders wishing to participate at the meeting should confirm their attendance no later than April 24th, 2017 by registered mail to the Company at the following address:

State Street Bank Luxembourg S.C.A.
49, Avenue J-F Kennedy, L-1855 Luxembourg
For the attention of Mrs Zakia Aouinti

The majority at this Ordinary General Meeting will be determined according to the shares issued by the Company and outstanding at midnight (Luxembourg time) on the fifth day prior to the general meeting (the "Record Date": April 21st, 2017). The rights of a shareholder to attend and vote at the Ordinary General Meeting are determined in accordance with the shares held by such shareholder at the Record Date.

No quorum is required and decisions will be taken by the majority votes of the shareholders present or represented.

The Annual Report of the Sicav for the financial year ended December 31st, 2016 can be obtained 8 days before the Ordinary General Meeting, on request at the registered office of the Sicav or can be downloaded from the following website www.axa-im.com.

The Board of Directors


## Halldór




## Frá degi til dags

**Óvænt fjárfesting**
**Stjórn HB Granda hefur ákveðið að setja í útboð smíði nýs frystitogara. Samkvæmt lýsingu á hönnun togarans verður hann ekkert slor. Hann er hannaður af Rolls Royce í Noregi og er 81 m langur, 17 m breiður og hefur lestarrými fyrir um 1.000 tonn af frystum afurðum á brettum. Smíði togarans hlýtur að koma mönnum dálítið í opna skjöldu. Því miðað við harmakvein frá forsvarsmönnum félagsins undanfarna daga og hótanir um uppsagnir starfsfólks mætti ætla að þeir teldu sig vera á heljarþröm svona rekstrarlega séð.**

**Ólafur vinalausi**
**Á árunum fyrir bankahrunið voru íslenskir fjárfestar hálfgerðar þjóðhetjur. Sú ímynd hvarf svo strax þegar áföllin dundu yfir okkur árið 2008. Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis um sölu Búnaðarbankans og umræðan um hana undanfarna daga bendir til þess að sú ímynd sem athafnamennirnir hafa á sér muni síst skána á næstunni. Samkvæmt skýrslunni var höfuðpaurinn í blekkingarleiknum við sölu Búnaðarbankans Ólafur Ólafsson. Vísir greindi frá því í gær hvernig stjórnmálamenn keppast við það að sverja Ólaf af sér. Gárungarnir segja að kaupsýslumaðurinn verði senn kallaður Ólafur vinalausi.**

jonhakon@frettabladid.is

# Borgin opnar ungbarnadeildir á leikskólum



Skúli Helgason
borgarfulltrúi Samfylkingarinnar

Eitt helsta forgangsmál meirihlutans í borginni er að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla og borgarráð samþykkti á fundi sínum í gær mikilvægan áfanga á þeirri leið. Samþykktin byggir á tillögum stýrihópsins Brúum bilið og felur m.a. í sér fjölgun leikskólaplássa um nærri 300 með áherslu á börn um 18 mánaða aldur.

Í haust verða opnaðar ungbarnadeildir við fjóra leikskóla borgarinnar og verða þær sérhæfðar, með aðstöðu, leikrými og búnaði sem hæfir þroska og þörfum barna á öðru og þriðja aldursári. Stefnt er að því að slíkar ungbarnadeildir verði starfræktar í öllum hverfum borgarinnar. Í fyrsta áfanga verða opnaðar sjö ungbarnadeildir við leikskólana Miðborg í miðbænum, Holt í Breiðholti, Sunnuás í Laugardal og Blásali í Árbæ og taka þær til starfa í ágúst/september 2017. Alls verður pláss fyrir um 90 börn á þessum sjö ungbarnadeildum. Þá er stefnt að því að reisa sérhæfðan ungbarnaleikskóla á Kirkjusandi.

Eftir páska verður opnað fyrir innritun barna sem fædd eru frá janúar til apríl 2016 á almennum leikskóladeildum borgarinnar. Þá munum við samþykkja fjölgun plássa fyrir ung börn í sjálfstætt starfandi leikskólum í borginni um rúmlega 200. Með þessum aðgerðum vonumst við til að stór hluti barna sem fædd eru á fyrstu fjórum mánuðum síðasta árs hafi fengið boð um leikskólapláss í haust.

Loks verða niðurgreiðslur vegna barna hjá dagforeldrum hækkaðar um 10% til viðbótar við 2,5% hækkun sem tók gildi um áramótin. Auglýst verður eftir nýjum dagforeldrum og settur á fót starfshópur með þátttöku dagforeldra um aukin gæði og öryggi í þjónustu dagforeldra.

Samhliða verður lögð aukin áhersla á að auglýsa og kynna störf á leikskólum Reykjavíkurborgar sem eftirsóknarverð og gefandi störf með börnum í skapandi umhverfi.

Stýrihópurinn mun á næstu mánuðum móta áætlun um hvernig megi bjóða 12-18 mánaða börnum leikskólapláss í borginni á komandi árum. Ljóst er að framundan er mikið uppbyggingarskeið í leikskólamálum í borginni samhliða vinnu við að bæta starfsumhverfi og aðbúnað starfsfólks leikskólanna.

**Aðgerðirnar fela í sér fjölgun leikskólaplássa um nærri 300.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri.
Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Að sjá í gegnum glerið

**Í DAG**



Bergur Ebbi

Þessi frásögn hefst á röð hversdagslegra atburða. Fyrir jól brotnaði skjárinn á gömlum iPad sem til var á heimilinu. Ég man ekki hvernig hann brotnaði. Hann bara gaf sig einhvern veginn. Ég fór með hann í viðgerð þó að það svaraði varla kostnaði og fékk splunkunýtt gler á hann. Þegar heim var komið tók ég eftir því að nýja glerið var alsett litlum fingerðum sprungum, iPadinn væri að hafna nýja glerinu eins og manneskja sem hafnar líffæragjöf. Ég fór aftur með hann á verkstæðið og enn fékk ég nýtt gler. Innan við viku síðar var nýjasta glerið einnig alsett litlum sprungum.

Mér leist ekkert á iPad alsettan hvössum glersprungum því það eru aðallega börnin á heimilinu sem nota tækið og því var tekin ákvörðun um að kaupa nýjan iPad um jólin. Um daginn heyrði ég svo öskur innan úr stofu. Fimm ára sonur minn var að spila tölvuleik í nýja iPadinum og varð ósáttur við eitthvað sem fór fram í leiknum þannig að hann beit í iPadinn og það komu sprungur í glerið. Nú fór ég í þriðju ferðina á verkstæðið og hélt ég hefði mikla sögu að segja, sonur minn hefði nagað í sundur skjáinn. Afgreiðslufólkið yppti öxlum. Þetta er víst mjög algengt á okkar tímum. Fimm ára krakkar að bíta í iPada eins og hrökkbrauð. Ekkert óvenjulegt við það.

### Fyrsta heims vandamál

Nýi, nagaði iPadinn, var glerjaður upp á nýtt en skömmu síðar sá ég að það var aftur komin sprunga á skjáinn. Ég fann hvernig ég soðnaði í framan eins og Andrés Önd og helst langaði mig til að fara aftur á verkstæðið og #&#%&%$/, en það sem bjargaði mér var að ég þurfti að mæta upp á flugvöll og þó ég væri reiður var ég ekki nógu reiður til að skrópa í flug. En ástæðan fyrir því að ég segi ykkur frá fluginu er reyndar sú að þegar ég settist í sætið mitt tók ég eftir því að skjárinn fyrir framan mig var brotinn. Það var lítil sprunga sem lá þvert yfir hann allan, fingerð eins og mannshár. Þessi sprunga truflaði mig líka einmitt á sama hátt og hár getur truflað mann. Eins og fingert hár sem er fast í matnum manns, og veldur kannski ekki miklum skaða, en á ekki að vera þar.

En þessi atburðarás er svo sannarlega ekki búin. Þegar ég kom heim eftir ferðalagið (ekki lengur jafn reiður og Andrés Önd) og ætlaði að hringja í verkstæðið, lenti ég svo í mesta fyrsta heims vandamáli sem til er. Ég missti símann ofan á fartölvuna mína með þeim afleiðingum að skjárinn á henni brotnaði (þetta er hægt!). Og ég veit vel að margir munu ekki trúa þessu, en ég get framvísað myndum sem sýna einn brotinn iPad skjá og einn brotinn fartölvuskjá (síðari iPadinn er hins vegar í viðgerð þegar þetta er ritað, þannig að ég á ekki til mynd af honum). Og auðvitað átti þessi pistill að vera um eitthvað allt annað en brotna skjái, en þar sem fátt annað hefur komist að í huga mínum undanfarnar vikur, þá hlýtur að liggja einhver merking að baki þessu öllu.

Augljósasta leiðin er að benda á að tæki nú til dags séu illa smíðuð, ekki gerð til að endast, og að tilvera okkar sé alltof bundin við pínulitla skjái sem dæla inn í okkur afþreyingu sem veitir enga lífsfyllingu. Það má vel vera. Ég er til dæmis alveg sammála því að það er asnalegt að horfa á fyrirsjáanlegt andlitið á Tom Cruise leika Mission Impossible rulluna í fimmta skiptið á sjö tommu sjónvarpsskjá sem er hengdur upp á sætisbak fyrir framan mann þegar maður hefur útsýni yfir Grænlandsjökul úr 35 þúsund feta hæð í glugga við hliðina á manni. Ég get alveg tekið undir þetta, en ég held samt að þessir brotnu skjáir allt í kringum mig séu tákn um enn meiri og stærri sannleik.

> Þó að internetið upphefji einstaklinginn með alla sína vettvanga til að koma privat skoðunum á framfæri, selfí-menningu og almennan narsissisma þá er grunn-aðdráttaraflið það sama og aðdráttarafl jökulfljóts. Við viljum líða í sömu átt og hinir. Við viljum upplifa samlíðan og helst má út persónubundnar vonir og þrár, því það eru einmitt þannig hugleiðingar sem valda kvíða.

### Stóra þverstæðan

Fyrir hvað stendur skjárinn í stóru narratífi nútímans? Skjárinn er snertipunktur við sítenginguna. Það er hægt að opna Twitter, Facebook og Snapchat fimm hundruð sinnum á dag en það er alltaf gler á milli. Glerið er fyrir. Það er óþolandi að vera sífellt að strjúka og snerta það en komast ekki í gegn. Fingurgómarnir vilja meira. Þeir vilja brjóta skjáinn og hverfa inn í móðuna. Þetta hefur aldrei snúist um skjái. Skjáir eru óþolandi. Þetta snýst um það sem er handan skjásins. Samvitundina, sem hefur meira aðdráttarafl en nokkuð annað. Það sem við sækjumst eftir er þrátt fyrir allt ekki einstaklingsbundin reynsla. Þó að internetið upphefji einstaklinginn með alla sína vettvanga til að koma privat skoðunum á framfæri, selfí-menningu og almennan narsissisma þá er grunn-aðdráttaraflið það sama og aðdráttarafl jökulfljóts. Við viljum líða í sömu átt og hinir. Við viljum upplifa samlíðan og helst má út persónubundnar vonir og þrár, því það eru einmitt þannig hugleiðingar sem valda kvíða. En til þess að klára dæmið þurfum við að komast í gegnum glerið.

Ég veit að þetta er þversagnarkennt. Að snjalltækjamenning og sítenging undirbyggi okkur sem einstaklinga á sama tíma og slík menning máir einstaklinginn og friðhelgi hans út og breytir öllum í manngerðir sem búið er að kortleggja frá a-ö. Ég veit að það er þversögn sem gengur ekki upp. En þversagnir innihalda oft mesta sannleikann. Mér finnst til dæmis mín hversdagslega reynsla undanfarna mánuði vera býsna þversagnarkennd. Mér finnst ég vita hvers vegna allir þessir skjáir eru að brotna í kringum mig. Það er vegna þess að ég er farinn að gefa þeim gaum. Ég er farinn að hugsa um skjáina sem eitthvað annað en það sem liggur handan þeirra. Að því leyti er ég hættur að sjá í gegnum þá. En einmitt með því að hætta að sjá í gegnum þá, þá er ég farinn að sjá í gegnum þá.

Eða kannski skilur þessi saga enga heimspeki eftir sig heldur aðeins mynd af fimm ára strák að bíta í iPad, hvort heldur sem er, verði ykkur að góðu.





**Mitsubishi Outlander PHEV** hefur heldur betur slegið í gegn. Þessi fjórhjóladrifni gæðingur gengur bæði fyrir rafmagni og bensíni, svo þú kemst allra þinna leiða með góðri samvisku. Komdu og prófaðu!

**Mitsubishi Outlander PHEV**
Sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn frá:

**4.990.000 kr.**

MITSUBISHI MOTORS
FYRIR HUGSANDI FÓLK

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ

## Keflvíkingar engin fyrirstaða fyrir meistarana



**Aldrei spurning** KR fór illa með Keflavík, 90-71, í fyrsta leik liðanna í undanúrslitum Domino's-deildar karla í gærkvöldi. KR-ingar sýndu styrk sinn og léku einn sinn besta leik í vetur. Fyrirliðinn Brynjar Þór Björnsson var með 15 stig og hér setur hann niður einn af fimm þristum sínum. Næsti leikur liðanna er í Keflavík á mánudaginn og þá þurfa strákarnir hans Friðriks Inga Rúnarssonar að svara fyrir skellinn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Get ekki beðið eftir að byrja

**Kristófer Acox lenti á Íslandi í morgun og er orðinn löglegur leikmaður KR. Hann verður með Íslandsmeisturunum í öðrum leik liðsins gegn Keflavík. Kristófer hefur undirbúið þessa heimkomu síðan í desember.**

**KÖRFUBOLTI** KR-ingar fengu heldur betur liðsstyrk í morgun þegar landsliðsmaðurinn Kristófer Acox lenti á Íslandi eftir að hafa spilað sinn síðasta leik í bandaríska háskólaboltanum.

Kristófer er kominn heim til þess að spila körfubolta með uppeldisfélagi sínu, KR, og verður með Vesturbæingum í leik tvö gegn Keflavík eftir helgi. Deildar- og bikarmeistararnir voru ekki árennilegir fyrir og með Kristófer innanborðs verða þeir enn líklegri en ella til að verða Íslandsmeistarar fjórða árið í röð.

### Kemur heim í toppformi

„Úrslitakeppni Domino's-deildarinnar verður úrslitakeppni númer tvö hjá mér," segir Kristófer léttur en hann var þá staddur í New Jersey að bíða eftir fluginu heim til Íslands. Það leyndi sér ekki að hann var orðinn mjög spenntur að komast heim.

„Ég kem auðvitað heim í mjög góðu formi eftir tímabilið hérna úti. Það verður fínt að komast aftur heim í íslenskan körfubolta. Ég get ekki beðið eftir að byrja að spila aftur með KR. Það er mjög svekkjandi að missa af fyrsta leiknum og þurfa að fara beint í Sláturhúsið. Það verður samt mjög gaman líka."

Það hafa verið sögusagnir ansi lengi um að Kristófer ætlaði sér að reyna að spila í úrslitakeppninni með KR. Hvorki hann né Finnur Freyr Stefánsson, þjálfari KR, hafa viljað staðfesta þær sögur en alltaf sagt að það sé möguleiki. Kristófer

**61%**

**Kristófer Acox er sá leikmaður í sögu Furman sem hefur nýtt skotin sín best.**

**Ég kem auðvitað heim í mjög góðu formi eftir tímabilið hérna úti.**

Kristófer Acox

var byrjaður að undirbúa komu sína aftur í KR um síðustu jól.

### Langur undirbúningur

„Ég ræddi þetta við Pál Kolbeinsson um jólin. Upprunalega planið var að ég myndi fljúga degi fyrr heim og næði því fyrsta leiknum gegn Keflavík. Við vorum ekki að reikna með að ég væri enn að spila á þessum tíma með skólanum mínum," segir Kristófer en þegar hann fór aftur út um áramótin sá hann til þess, í samráði við kennara sína, að hann gæti farið heim strax eftir körfuboltann og klárað námið sitt frá Íslandi.

„Ég fór og hitti alla kennarana sem og námsráðgjafa og við settum upp þá daga sem ég myndi missa af þegar ég færi til Íslands. Það gekk upp að ég gæti farið heim og klárað námið þar. Skólinn var til í að vinna með mér sem var frábært. Þetta er búið að vera mikið plan og ekkert sem var ákveðið í síðustu viku. Við vildum samt ekki gefa neitt út of snemma. Höfum spilað smá póker."

### Spilar með KR næsta vetur

Þessi gríðarlega öflugi leikmaður er ekki bara að koma heim til þess að spila með KR í úrslitakeppninni núna heldur stefnir hann á að vera áfram í herbúðum KR næsta vetur. Svo ætlar hann að reyna að komast að erlendis.

„Mig langar að komast heim og vera í eitt ár heima eftir fjögur ár úti. Mig langar að prófa að vera atvinnumaður í eitt ár heima og fókusera á að spila mína atvinnumannsstöðu áður en ég fer út. Nýta næsta vetur sem undirbúning fyrir atvinnumennskuna. Svo er líka gott að komast heim og vera þar aðeins. Hlaða batteríin áður en ég fer vonandi aftur út," segir Kristófer en hann segist vita að mörgum finnist fáránlegt að hann geti hoppað inn í lið KR í miðri úrslitakeppni en þannig séu reglurnar og því eðlilegt að hann nýti sér það. Hann vill spila fyrir KR.

„Ég er bara að koma heim til að hjálpa mínu félagi. Ekki að það þurfi neitt sérstaklega hjálp enda liðið mjög sterkt. Ég er bara að koma til að hjálpa en ekki til að taka eitthvað yfir. Ég vil bara spila."

henry@frettabladid.is



### Hefur ekki orðið Íslandsmeistari

Kristófer Acox hefur spilað með meistaraflokki KR á tveimur af síðustu sex tímabilum (2011-12 og 2012-13) en það eru einmitt einu tímabilin sem KR hefur ekki orðið Íslandsmeistari á þessum tíma en KR-liðið vann titilinn 2011, 2014, 2015 og 2016. Kristófer á því eftir að verða Íslandsmeistari og fær nú tækifæri til að bæta úr því. Kristófer var með 11,8 stig og 6,9 fráköst að meðaltali þegar hann spilaði síðast í Domino's-deildinni en síðasti leikur hans var 11. apríl 2013 þegar KR datt út í undanúrslitum á móti Grindavík. Kristófer var þá með tvennu (10 stig og 12 fráköst) á 24 mínútum.

## Nýjast

**Domino's-deild karla**
***Undanúrslit leikur 1***

**KR - Keflavík 90-71**

**KR:** Darri Hilmarsson 18/8 fráköst, Brynjar Þór Björnsson 15/4 fráköst, Þórir Guðmundur Þorbjarnarson 14/9 fráköst, Philip Alawoya 11/4 fráköst, Sigurður Á. Þorvaldsson 11, Jón Arnór Stefánsson 10/5 stoðsendingar, Pavel Ermolinskij 4/6 fráköst/8 stoðsendingar, Snorri Hrafnkelsson 4, Vilhjálmur Kári Jensson 3.

**Keflavík:** Amin Khalil Stevens 25/24 fráköst, Reggie Dupree 14/5 fráköst, Magnús Már Traustason 8, Hörður Axel Vilhjálmsson 8/5 stoðsendingar, Guðmundur Jónsson 8, Ágúst Orrason 6, Davíð Páll Hermannsson 2.

Staðan er **1-0** fyrir KR. **Næsti leikur** er í Keflavík á mánudaginn.

### ENGIN VANDRÆÐI HJÁ VAL

Valur vann öruggan sigur á Hamri, 101-73, í fyrsta leik liðanna í umspili um sæti í Domino's-deild karla á næsta tímabili. Austin Magnús Bracey skoraði 23 stig fyrir Valsmenn sem voru mun sterkari aðilinn í leiknum. Heimamenn leiddu allan tímann og voru 15 stigum yfir í hálfleik, 101-73. Liðin mætast öðru sinni í Hveragerði á sunnudaginn en það er ljóst að Hamarsmenn þurfa að bæta sig mikið á milli leikja. Liðið sem fyrr vinnur þrjá leiki kemst upp.



### ALFREÐ OG FÉLAGAR ÁFRAM

Alfreð Gíslason og lærisveinar hans í Kiel eru komnir áfram í 8 liða úrslit Meistaradeildar Evrópu í handbolta eftir 24-26 sigur á Þýskalandsmeisturum Rhein-Neckar Löwen á útivelli í gær. Alexander Petersson og Guðjón Valur Sigurðsson skoruðu fimm mörk hvor fyrir Löwen sem vann fyrri leikinn 24-25. Kiel mætir Barcelona í 8-liða úrslitunum í lok næsta mánaðar.



### ÞÓREY RÓSA Í FRAM

Landsliðskonan Þórey Rósa Stefánsdóttir hefur gert þriggja ára samning við Fram. Þórey Rósa, sem er 27 ára gömul, gengur í raðir Fram frá Vipers Kristiansand í Noregi eftir tímabilið. Þórey Rósa þekkir vel til í Safamýrinni en hún kom til Fram frá ÍR árið 2005 og lék með Fram til 2009 þegar hún hélt út í atvinnumennsku. Þórey Rósa hefur leikið í Hollandi, Þýskalandi og Danmörku en hún hefur verið í herbúðum Vipers frá 2013. Sambýlismaður Þóreyjar Rósu, Einar Ingi Hrafnsson, er einnig á heimleið en hann er búinn að semja við Aftureldingu.



## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 16.00 | **ANA Inspiration** | Golfstöðin |
| 18.30 | **Stjarnan - Grindavík** | Sport |
| 18.40 | **Derby - QPR** | Sport 2 |
| 20.00 | **Shell Houston Open** | Golfst. |
| 21.00 | **Domino's Körfubol.** | Sport |
| 23.00 | **ANA Inspiration** | Golfstöðin |
| 19.30 | **Þór Ak. - Breiðablik** | Síðuskóli |
| 19.30 | **Valur - Hamar** | Valshöllin |


BOSS
HUGO BOSS
SAND
POLO
RALPH LAUREN
TINO COSMA
ARMANI
COLLEZIONI
eterna
VAN KOLLEM
MADISON PARK • NY
gardeur
HUGO
HUGO BOSS
PETER VAN HOLLAND
FINUCCI
bugatti
Stenströms
BELLINI
collezione
MANZ
GERMANY QUALITY SHOES SINCE 1898
BARKER
ENGLISH SHOEMAKERS SINCE 1880
LLOYD
Opið virka daga frá kl. 11 til 18
laugardaga frá kl. 11 til 17
sunnudaga frá 13 til 17
Sími 568 9512
Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen)
Herra
lagerinn
outlet
líka fyrir konur
Troðfull
verslun af
merkjavöru!
40-
60%
afsláttur
af öllum vörum

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# ÓDÝR PIZZUVEISLA




**198** kr. 400 g

**Wewalka Pizzadeig**
Ferskt, 400 g

Ali

Grísakjöt af
**NÝSLÁTRUÐU**



**698** kr. kg

**Ali Grísabógur**
Ferskur

# LÁGT VERÐ ALLA DAGA




# RISAEGG

**2.598** kr. 1 kg

**Bónus Páskaegg**
1 kg

Matarmikil súpa
**FULLELDUÐ**
Aðeins að hita




**NÝTT Í BÓNUS**

**1.598** kr. 1 kg

**Mexíkósk Kjúklingasúpa**
1 kg




**1.095** kr. 900 g

**Macintosh Konfekt**
900 g




**259** kr. 55 g

**Barebells Próteinbar**
55 g, 3 tegundir

# ENGIN KOLVETNI




Ný BRAGÐ TEGUND

**249** kr. 330 ml

**Nocco BCAA Orkudrykkur**
330 ml, 5 teg.

VALITOR

Verð gildir til og með **2. apríl** eða meðan birgðir endast

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# GOTT Á GRILLIÐ







**ÍSLENSKT** Nautakjöt

**398** kr. 2x100 g

**Stjörnunaut Smass Hamborgarar**
2x100 g

**479** kr. 2x120 g

**Stjörnunaut Smass Hamborgarar**
2x120 g

## GOTT VERÐ Í BÓNUS




Ferskt **ÍSLENSKT** lambakjöt

**1.298** kr. kg

**Íslandslamb Lambalæri**
Ferskt




**1.359** kr. kg

**Íslandslamb Lambalæri**
Ferskt, kryddað




**ÍSLENSKT** Grísakjöt

**1.298** kr. kg

**Bónus Grísakótilettur**
Ferskar, með beini






**2.298** kr. kg

**Norðanfiskur Laxaflök**
Beinhreinsuð, fersk

Ferskur **ÍSLENSKUR** fiskur




**2.398** kr. kg

**Norðanfiskur Laxaflök**
Beinhreinsuð, fersk, krydduð

**ÍSLENSKT** Nautgripakjöt




**1.398** kr. kg

**Nautaveisla Nautgripahakk**
Ferskt

BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

FRÉTTABLAÐIÐ
# TÍMAMÓT
31. MARS 2017 FÖSTUDAGUR



✝

Móðir, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Elvíra Herrara Ólafsson**

verður kvödd í Kristskirkju, Landakoti, á morgun, laugardaginn 1. apríl kl. 12.00.

**Þórir V. Þórisson** **Auður Dúadóttir**
**Sveinn Þórisson**
**Kristján Þórisson** **Svala Chomchuen**
**Ólafur Þorkell Þórisson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskulegur eiginmaður minn, sonur,
faðir og bróðir,

**Ólafur Tryggvi Kristjánsson**

fæddur 21. apríl 1944,

andaðist á heimili sínu í Owasso, Oklahoma, að morgni 25. mars sl. Jarðarförin hefur farið fram, en minningarathöfn fyrir vini og vandamenn á Íslandi verður auglýst síðar.

**Anne Kristjansson**
**Kristján Ólafsson**
**börn og systkini hins látna.**



✝

Innilegar þakkir vegna andláts og útfarar okkar ástkæru móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Torfhildar Steingrímsdóttur**

Víðilundi 20, Akureyri.

Sérstakar þakkir til starfsfólks í Reynihlíð fyrir hlýja og góða umönnun.

**Halldór Jónsson** **Sigrún Ólafsdóttir**
**Jón Torfi Halldórsson** **Lára Halldóra Eiríksdóttir**
**Guðlaugur Már Halldórsson** **Elva Sigurðardóttir**
**og langömmubörn.**



✝

Móðir mín, tengdamóðir, amma og
langamma,

**Anna María Guðmundsdóttir**

Tjarnarlundi 3d, Akureyri,

lést á hjúkrunarheimilinu Hlíð 25. mars 2017. Útförin verður gerð frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 6. apríl kl. 13.30. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Rauða krossinn á Akureyri.

**Guðmundur Brynjólfsson** **Halldóra Sævarsdóttir**
**Anna Bjarney, Sævar Már, Brynja Björk og fjölskyldur.**



✝

Þökkum af alhug margháttaðan stuðning og vinsemd í veikindum og við andlát móður minnar, dóttur okkar, systur og mágkonu,

**Ásdísar Mjallar Guðnadóttur**

**Kjartan Helgi Sigurðsson**
**Lilja Bergsteinsdóttir** **Guðni Kolbeinsson**
**Hilmir Snær Guðnason** **Bryndís Jónsdóttir**
**Bergdís Björt Guðnadóttir** **Kristján Reinholdsson**
**Kristín Berta Guðnadóttir** **Hörður Sveinsson**
**og fjölskyldur.**



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Ásta Árnadóttir**

áður til heimilis í Keflavík,

sem lést miðvikudaginn 22. mars, verður jarðsungin frá Keflavíkurkirkju, þriðjudaginn 4. apríl kl. 13.

**Arnar Bjarnason**
**Sigríður Júlía Bjarnadóttir**
**og aðrir aðstandendur.**




**Sigrún Einarsdóttir, Anne Duholm Jocobsen og Sigurður Ólafsson hjá Norræna húsinu eru miklir aðdáendur Skam.**

# Hvað er eiginlega málið með þættina Skam?

**Unglingaþátturinn Skam hafa slegið í gegn síðan fyrsta serían kom út árið 2015 og í tilefni þess verður fjögurra daga Skam-hátíð haldin í Norræna húsinu. Í dag verður hátíðin tileinkuð eldri aðdáendum þáttanna með pallborðsumræðum og almennri gleði.**

Vinsældir þáttanna eru svo miklar og það er erfitt að útskýra hvers vegna þetta nær svona gríðarlegu áhorfi hjá fólki á öllum aldri. Það er einmitt þetta sem við ætlum að ræða og kryfja á viðburðinum, af hverju erum við svona miklir Skam-aðdáendur og hvað er eiginlega málið?“ segir Sigrún Einarsdóttir, einn skipuleggjandi fjögurra daga Skam-hátíðar Norræna hússins sem ber heitið Hvað er málið með Skam eiginlega!

Skam-hátíðin hófst í gær með viðburði fyrir yngri aðdáendur þáttanna. En frá klukkan 17.00 í dag verður Happy hour í Norræna húsinu og viðburður fyrir eldri áhorfendahóp. Þar koma fram Skam-sérfræðingar og þættirnir verða krufnir til mergjar.

Sigrún er sjálf mikill aðdáandi Skam sem eru norskir unglingaþættir sem hafa slegið í gegn víða. „Ég hlakka mikið til að 4. þáttaröð fari í loftið. Ég vona að Sana verði aðalhetjan, en það hefur enn ekki verið gert opinbert hver það verður. Núna er keppni í Norræna húsinu þar sem fólk leggur inn sitt svar, svo verður dregið úr réttum svörum,“ segir Sigrún sem lofar flottum og „mjög norskum“ verðlaunum í boði Norræna hússins og norska sendiráðsins.

> Það er í raun fátt sem er ekki tvinnað inn í söguþráðinn og það er einfaldlega gert svo vel að það nær til fólks.

En hvað er svona heillandi við þessa þætti? „Það sem gerir það að verkum að ég varð svona hrifin af þáttunum er að efnið er einfalt; líf táninga í menntaskóla í Ósló, en á sama tíma er tekið á stórum samfélagslegum málefnum og það er gert á svo heiðarlegan og blátt áfram hátt. Ástin, einmanaleiki, geðsjúkdómar, trúarbrögð, steríótýpur, samkynhneigð, átraskanir og kynferðisofbeldi kemur fyrir. Það er í raun fátt sem er ekki tvinnað inn í söguþráðinn og það er einfaldlega gert svo vel að það nær til fólks. Þessi málefni snerta alla, unga sem aldna. Svo auðvitað er þetta vel leikið, leikstýrt og ekki minnst frá markaðsfræðilegu horni þá gera þau hlutina mjög vel, t.d. samfélagsmiðlar eru notaðir á alveg frábæran hátt,“ útskýrir Sigrún.

„Í pallborðinu hjá okkur höfum við sett saman hóp sem getur rætt þáttaraðirnar út frá mismunandi sjónarhornum,“ segir Sigrún um hópinn sem kemur fram í dag. Það eru þau Anna Sigríður Þráinsdóttir, málfarsráðunautur RÚV, Anna Gyða Sigurgísladóttir, dagskrárgerðarmaður og sjónvarpsgagnrýnir, Nína Richter dagskrárgerðarmaður, Stella Soffía Jóhannesdóttir, verkefnisstjóri útgáfu hjá Forlaginu, og Óskar Steinn Jónínuson Ómarsson, ritari Samfylkingarinnar. „Óskar Steinn hefur t.d. búið í Noregi í fjölda ára og gekk í norskan menntaskóla og getur þá rætt það út frá því sjónarhorni. Anna Sigríður talar svo um að þættirnir hafi haft mikil jákvæð áhrif á tungumálaáhuga yngri kynslóðarinnar á norsku og norrænum tungumálum.“

Um helgina verða fyrstu þrjár þáttaraðir Skam sýndar í Norræna húsinu. Sigrún segir notalega stemningu verða í fyrirrúmi. „Fólk getur bara komið til okkar og haft það notalegt og séð eins mikið Skam og það vill. Hinn dásamlegi Aalto Bistro verður að sjálfsögðu opinn og fólk getur verið með mat og drykki á meðan það „koser seg“ í salnum yfir Skam.“

**gudnyhronn@365.is**

ÞETTA GERÐIST: 31. MARS 1889

## Eiffelturninn í París er vígður

Eiffelturninn hefur sett sterkan svip á Parísarborg síðan hann var reistur en á þessum degi árið 1889 var hann vígður. Um járnturn er að ræða og stendur hann á vinstri bakka árinnar Signu. Turninn, sem er eitt af þekktustu kennileitum heims, er nefndur eftir hönnuðinum Gustave Eiffel.

Eiffelturninn glæsilegi var byggður til þess að heilla gesti á heimssýningunni í París 1889 og upphaflega var honum aðeins ætlað tímabundið hlutverk á meðan á sýningunni stæði. En turninn fékk að standa áfram flestum til mikillar gleði þótt hann væri umdeildur til að byrja með. Í upphafi fékk turninn mikla gagnrýni og hann var sagði ljótur og spilla fallegu umhverfi.

Turninn er 324 metrar á hæð og vegur 7.300 tonn. Hægt er að ganga upp hluta turnsins eða 1.660 þrep. Eftir það þarf að taka lyftu til að komast á toppinn. Þess má geta að það þarf heil 60 tonn af málningu til að hressa upp á turninn og koma í veg fyrir að hann ryðgi. Turninn er málaður á sjö ára fresti.



**Eiffelturninn var vígður þennan dag.**

# Fólk

Lífsstíll

FÖSTUDAGUR 31. MARS 2017




MYND/GVA

# Hármissirinn kveikjan að fyrirtækinu

Guðrún Hrund Sigurðardóttir hannar höfuðföt fyrir konur sem hafa misst hárið. Hún nýtir þar eigin reynslu en hún hefur farið í þrjár krabbameinsmeðferðir. DNA-rannsókn sýndi að Guðrún ber BRCA1 genið, oft kallað Angelina-genið.



**Sigurður G. Steinþórsson gullsmiður fékk veiðidellu á unga aldri. Faðir hans var mikill laxveiðimaður og veiðiáhugann hefur öll stórfjölskyldan erft.**

Veiði ➔12



Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@365.is



Við Guðrún Hrund mælum okkur mót á kaffihúsi úti á Granda, steinsnar frá vinnustað hennar. Við setjumst út í sólina á verönd með fögru útsýni yfir höfnina og fylgjumst með bátunum vagga á mjúkum öldum. Guðrún Hrund hefur verið önnum kafin við að hanna og sauma fallegan höfuðfatnað undir merkinu mheadwear fyrir konur sem hafa misst hárið. „Ástæðan fyrir því að ég fór út í þetta er sú að ég vildi nýta mér eigin reynslu af hármissi. Ég hef misst hárið þrisvar sinnum vegna lyfjameðferðar og fannst óþægilegt að nota hárkollu. Ég fann lítið af höfuðfötum að mínum smekk svo ég hannaði húfu með fyllingu í hnakkanum og margskonar hárbönd og bönd til að vefja um húfuna eða um hálsinn. Hárböndin henta ekki síður fyrir konur með hár. Ég hef líka hannað túrban og er að þróa húfulínu sem kemur í haust,“ segir Guðrún Hrund, sem tók þátt í nýliðnum HönnunarMars. Hún lærði fatahönnun í Kaupmannahöfn fyrir mörgum árum en vann hins vegar við kennslu og ritstýrði Gestgjafanum áður en mheadwear varð til.

Guðrún Hrund er með vinnuaðstöðu hjá Krínolín þar sem húfurnar eru til sölu en að hennar sögn finnst konum sem hafa misst hárið gott að hitta aðra sem hafa gengið í gegnum sömu reynslu og þær geta nýtt sér styrkinn frá Sjúkratryggingum til að kaupa mheadwear.

## Hármissir upp á dag

Guðrún Hrund greindist fyrst með krabbamein í báðum brjóstum árið 2009 í reglubundinni skoðun hjá Leitarstöð Krabbameinsfélagsins. Fréttirnar komu eins og þruma úr heiðskíru lofti, enda hafði hún ekki fundið nein merki um að eitthvað væri að. „Ég fór fyrst í fleygskurð og síðan í lyfja- og geislameðferð. Meðferðina þoldi ég vel en það var þvílíkt áfall að missa hárið. Eiginlega var það mesta áfallið, þótt ótrúlegt sé. Læknirinn sagði að hárið færi sextán dögum



Guðrún Hrund tók þátt í HönnunarMars. Hún hannar hárbönd í fallegum litum sem henta fyrir konur, hvort sem þær eru með hár eða ekki. MYND/GVA

eftir að lyfjameðferðin byrjaði og það stóðst upp á dag. Það mátti enginn sjá skallann og ég ákvað að nota hárkollu, sem mér fannst þó óþægilegt.“ Að meðferð lokinni fékk Guðrún Hrund svart, krullað hár en var áður ljóshærð.

## Hélt hún væri sloppin

Fimm árum síðar greindist Guðrún Hrund aftur með krabbamein og í þetta sinn í lífhimnunni. „Það var mikið sjokk. Oft er talað um fimm ár sem þann tíma sem þarf til að teljast læknaður. Mér fannst ég vera sloppin en þá kom þetta upp. Ég var búin að kvarta um einkenni en enginn kveikti á hvað gæti verið að. Loks voru teknar ítarlegar blóðprufur og þá kom í ljós hvað var að hrjá mig. Það hafði ég sennilega verið með meinið í eitt til tvö ár án þess að vita það.“

Guðrún Hrund fór í uppskurð, meinið var tekið og hún fór í lyfjameðferð í annað sinn. „Þegar ég hugsa til baka leið mér auðvitað ekki vel en maður tekur bara því sem gerist hverju sinni, það er svo skrýtið. Ég þoldi meðferðina vel í bæði skiptin en ég tók líka allar töflur sem voru í boði, eins og ógleðilyf, en það hefur mikið að segja. Þegar hárið fór í þetta sinn var ég ekki eins viðkvæm fyrir skallanum og var berhöfðuð heima hjá mér. Barnabörnin fengu að leika sér með hárkolluna.“



„Með krökkunum mínum, Hildi og Lárusi Gauta, á 50 ára afmæli mínu, skömmu eftir að ég kláraði fyrstu lyfjameðferðina árið 2010.“



„Við Hörður, sambýlismaður minn, á góðri stundu árið 2009 rétt fyrir fyrstu meðferð og fyrsta hármissi.“



„Á uppáhaldsstaðnum mínum innan um trén sem móðurafi minn gróðursetti fyrir u.þ.b. 65 árum.“

## Með Angelina Jolie genið

Guðrún Hrund ákvað að fara í erfðafræðilega rannsókn og láta kanna hvort hún væri með svonefnt BRCA1 gen sem oft er kallað Angelina Jolie genið. „Lífhimnukrabbamein er náskylt eggjastokkakrabbameini. Mér datt í hug að láta athuga hvort þetta gæti verið genatengt því móðir mín lést úr eggjastokkakrabbameini aðeins 38 ára gömul. Það voru enn til lífsýni úr henni sem einnig voru rannsökuð. Niðurstöðurnar sýndu að við vorum báðar með þetta gen. Til allrar hamingju hefur læknavísindum fleygt fram og það koma sífellt ný og betri lyf á markaðinn.“

Ári eftir að Guðrún Hrund greinist í annað sinn tók krabbameinið sig upp enn á ný og í þetta sinn ólæknandi. Hún fór í þriðju lyfjameðferðina með tilheyrandi hármissi. „Þá ákvað ég að láta verða af því að hanna höfuðföt að mínum smekk. Ég fór á námskeið hjá Nýsköpunarmiðstöð í fyrra þar sem ég gerði viðskiptaáætlun og það hjálpaði mér mikið við að koma mheadwear af stað.“

## Litur á björtu hliðarnar

Meininu er haldið niðri með nýjum lyfjum sem eiga að halda Guðrúnu Hrund frá lyfjameðferð í tvö ár. „Hingað til hef ég svarað lyfjameðferð vel og ég er bjartsýn á framhaldið. Ég tek daglega lyf í töfluformi sem ég þoli vel og finn fyrir litlum aukaverkunum. Þessi meðferð hamlar mér alls ekki frá því sem mig langar að gera.“

Guðrún Hrund segist ekki hugsa mikið um að hún sé með ólæknandi sjúkdóm. „Ég er þannig gerð að það er eins og ég fái einhvern aukakraft. Ef ég hugsaði um þetta á hverjum degi myndi ég kannski detta niður í þunglyndi og svartsýni. Ég held að það væri ekki gott. Ég segi stundum að það kemur alltaf eitthvað gott út úr öllu. Ég hefði ekki stofnað mheadwear hefði ég ekki þessa reynslu að baki og mér finnst forréttindi að fá að vinna við það sem mér finnst skemmtilegast.“

En skyldi þessi reynsla hafa breytt henni? „Já, svei mér þá. Í fyrsta lagi kann ég að meta að vera á lífi. Það er ekki sjálfgefið og ég er þakklát fyrir það. Nokkrar konur sem voru með mér í fyrstu meðferðinni eru látnar. Ég er líka þakklát fyrir hvað ég hef farið vel í gegnum þetta. Svo er ég ánægð með að hafa startað þessu fyrirtæki. Það er kannski klisja en ég reyni að njóta líðandi stundar og sleppi því að nöldra út af einhverju smáatriði sem skiptir engu máli. Það er líka nauðsynlegt að vera innan um skemmtilegt fólk. Ég er líka orðin meiri nagli en áður og það er fátt sem kemur mér á óvart. Ég vil alls ekki vorkenna mér yfir því að hafa lent í þessum veikindum. Slíkt getur hent alla. Það getur líka margt verra gerst.“

Nánar má skoða hönnun Guðrúnar Hrundar á www.facebook.com/mheadwear.




Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@365.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@365.is, s. 512 5367 | Sólveig Gísladóttir, solveig@365.is, s. 512 5351 Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | Starri Freyr Jónsson, starri@365.is, s. 512 5358 | Vera Einarsdóttir, vera@365.is, s. 512 5357

Útgefandi: 365 miðlar

Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson

Sölumenn: Atli Bergmann, atlib@365.Is, s. 512 5457 | Jóhann Waage, johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.Is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.Is, s. 512 5433


Facebook-Lindex Iceland
#lindexiceland
Bolur
1599,-
COOLEST
KID
IN TOWN
LINDEX
we make fashion feel good

VORMARKAÐUR HAFINN
HJÁ LAXDAL LAUGAVEGI
50%-60%-70% afsláttur



Sumaryfirhafnir-Kjólar-Buxnaúrval-Pils

FRÁBÆRT TÆKIFÆRI AÐ VERSLA
FLOTTA MERKJAVÖRU

Fylgdu okkur á facebook.com/laxdal.is
BERNHARÐ LAXDAL
Laugavegi 63 • S: 551 4422










„Best er að hafa félagsskap við átið en þó alls ekki nauðsynlegt.“ Ólafur Örn Ólafsson gefur helgaruppskrift. MYND/GVA

# Helgarkjúlli í BBQ-sósu

## Ólafur Örn Ólafsson matgæðingur og nýr eigandi Café Rosenberg lumar á hinni fullkomnu uppskrift að helgarnasli.



**Ragnheiður Tryggvadóttir**
heida@365.is

Það er ekkert betra um helgar en að borða kjúklingavængi og renna þeim niður með bjór. Bjór og vængir fara saman eins og Silli og Valdi, Stebbi og Eyfi eða brauð og smjör,“ segir Ólafur Örn Ólafsson, framreiðslumaður og annálaður matmaður, þegar hann er beðinn um uppskrift að góðum helgarmat. Ólafur gerðist nýlega eigandi Café Rosenberg. Eftirfarandi uppskrift hefur verið í þróun í eldhúsinu og endar að öllum líkindum á matseðlinum.

### Gullinbrúnir vængir

Fyrir um það bil 20 vængi.

**8 bollar heitt vatn**
**1 bolli sykur**
**½ bolli salt**
**½ bolli fiskisósa**
**2 bollar súrmjólk**
**1 góð skvetta Sriracha-sósa**
**1 tsk. hvítlauksduft**
**1tsk salt**
**1 tsk. hvítur pipar**
**1 tsk. paprika**
**1 lítri (a.m.k.) af olíu til djúpsteikingar**

Blandið sykri, salti og fiskisósu saman þangað til salt og sykur er alveg leyst upp. Leggið þá vængina í (gott að nota „ziplock“ poka) í a.m.k. 1 klst. en ekki meira en 6 klst.



Skotheldur helgarkjúlli í BBQ-sósu.

### Búið til BBQ-sósu

**1 bolli púðursykur**
**1 bolli tómatsósa**
**1 bolli eplasafi**
**½ bolli buorbon viskí**
**½ bolli eplaedik**
**2 msk. Sriracha-sósa**
**2 tsk. sterkt sinnep**
**½ bolli appelsínusafi (eða safi úr tveimur appelsínum, betra!)**
**2 msk. Worchestershire sósa**
**Góð klípa af salti**

Hellið leginum af fuglinum og eldið vængina í ofni við 180°C í sirka 20 mínútur og kælið strax.
Blandið saman hveiti, salti, pipar, hvítlauk og papriku í einn dall og súrmjólk og Sriracha í annan.
Baðið vængina upp úr súrmjólkinni og veltið svo upp úr hveitiblöndunni.
Djúpsteikið þangað til gulliðbrúnt. Veltið þá upp úr BBQ sósunni, sækið rakan klút til að þurrka andlit og putta og hefjist handa við að borða vængi og drekka bjór. Best er að hafa félagsskap við átið en það er alls ekki nauðsynlegt.

# Gefðu gjöf frá frægustu hönnuðum heims



Skeifan 6 / Harpa / Laugarvegi 70 / Kringlan / 5687733 / epal@epal.is / www.epal.is




menu LAKRIDS BY JOHAN BÜLOW normann COPENHAGEN Joseph Joseph ROSENDAHL GEORG JENSEN


Hugmyndin um Stóru Lúnu kviknaði af eftirminnilegum draumi. MYND/ERNIR

# Litfögur undur himingeimsins

**Eftirminnilegur draumur varð kveikjan að Stóru Lúnu, hugarfóstri Lindu Guðrúnar Karlsdóttur. Undir því merki framleiðir hún plánetu- og tunglmyndir. Næst á dagskrá er þátttaka í markaðstorgi í Borgarleikhúsinu.**

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is



Stóra Lúna er hugarfóstur Lindu Guðrúnar Karlsdóttur og um leið frumraun hennar á sviði hönnunar. Linda framleiðir skemmtilegar plánetu- og tunglmyndir en hver þeirra er samansett úr mörgum ljósmyndum, er svokölluð mósaíkmynd, og fyrir vikið eru myndgæðin afar mikil. „Gígar og smáatriði á yfirborðinu verða t.d. mjög skýr og greinileg. Hverri mynd fylgir svo texti sem segir frá helstu kennileitum og útskýrir hvar, hvenær og hvernig ljósmyndin var tekin og unnin. Myndirnar verða einhvern veginn ennþá merkilegri þegar maður les um ferlið á bak við þær.“

Hugmyndin að myndunum er óvenjuleg. Fyrir tveimur árum dreymdi Lindu mjög raunverulegan og eftirminnilegan draum þar sem hún sá plánetur sólkerfisins með berum augum. „Þær birtust mér hver á fætur annarri og snerust löturhægt svo ég missti ekki af einu einasta smáatriði. Ég fékk svo að snúast með þeim um himingeiminn,“ segir hún og brosir.


Rauða plánetan Mars. Tungl og plánetur Lindu Guðrúnar eru samsettar úr mörgum mósaíkmyndum

## Hjálplegir draumar

Hún segir pínu erfitt að útskýra hversu mögnuð upplifun þetta hafið verið en hana dreymdi drauminn þegar hún var að takast á við óvænt veikindi. „Draumurinn hjálpaði mér á vissan hátt að ná áttum eftir áfallið sem fylgdi þeim. Hann sýndi mér einhvern veginn stóra samhengið. Eftir þetta kviknaði svo einlægur og djúpur áhugi á þessum fjarlægu fyrirbærum sem ég hafði fengið að sjá í draumnum.“

Í kjölfarið skoðaði og las hún sér til um pláneturnar og byrjaði að svipast um á netinu eftir fallegri veggmynd af hnetti til að hafa heima í stofu.

„Þegar ég fann ekkert sem höfðaði til mín ákvað ég að láta sérútbúa fyrir mig mynd, nákvæmlega eins og ég hafði séð hana fyrir mér: stóra og nákvæma, líkt og pláneturnar höfðu birst mér í draumnum.“

Hún fékk strax mjög jákvæð viðbrögð við myndinni frá vinum og kunningjum og tók í framhaldi af því ákvörðun um að prófa að fara með þetta lengra. „Í hönd fór ferli þar sem ég fann og valdi myndir frá geimrannsóknarstofnunum og stjörnuljósmyndurum og fékk leyfi til að nota þær í hönnunina.“

## Grípandi litir

Eftir miklar pælingar og vangaveltur voru það myndir af jörðinni, tunglinu, Mars og Plútó sem urðu fyrir valinu. „Það var ekkert vísindalegt á bak við þetta val, mér fannst þessar tilteknu myndir einfaldlega fallegastar af öllu því sem ég hafði skoðað; grípandi litir og falleg mynstur á yfirborðinu.“

Næsta skref var að framleiða lítið upplag í desember á síðasta ári og ýta verkefninu úr vör með þáttöku í „pop-up“ markaði í Hafnarhúsinu um jólin en Linda Guðrún var að eigin sögn himinlifandi yfir viðtökunum.

„Næst á dagskrá hjá Stóru Lúnu er þáttaka í markaðstorgi sem hefur verið sett upp í Borgarleikhúsinu í tilefni af sviðslistahátíðinni Fórn sem Íslenski dansflokkurinn stendur fyrir. Svo ætla ég bara að halda áfram að þróa verkefnið í rólegheitunum, skella mér á stjörnuskoðunarnámskeið í haust og halda áfram að kynna mér undur himingeimsins.“

Hægt er að fylgjast með Stóru Lúnu á Facebook.


Jörðin kemur vel út á vegg.


Tunglið rís yfir kaffivélinni.



# Lífið tók miklum breytingum

## Bio-Kult Candéa hylkin veita öfluga vörn gegn Candida sveppnum í meltingarvegi. Unnur og Kolbrún segja að notkun hylkjanna sé það eina sem hafi virkað í baráttu þeirra við síendurtekin meltingaróþægindi.



Unnur segir notkun á Bio-Kult Candéa hylkjunum hafa breytt lífi sínu. Hún er laus við síendurtekin óþægindi af Candida sem hrjáðu hana áður í mörg ár.

Unnur Gunnlaugsdóttir fékk fyrst sveppasýkingu fyrir fjórtán árum og fékk í kjölfarið síendurtekin óþægindi. „Ég hef prófað allt til að losna við Candida sveppinn, allt frá grasalækningum til lyfseðilsskyldra lyfja til að losna við þennan óföngnuð en ekkert hefur virkað. Ég minnkaði líka mjög neyslu á einföldum kolvetnum en það hafði ekkert að segja. Tímabilið í kringum blæðingar var algjör hryllingur, stanslaus sviði og vanlíðan, ég var orðin mjög þunglynd,“ segir Unnur.

Hún segir líf sitt hafa tekið miklum breytingum eftir að hún fór að taka inn Bio Cult Candéa hylkin. „Ég er algjörlega laus við sviða og kláða og önnur óþægindi sem fylgja Candida sveppnum. Að auki get ég loksins farið í sund og nýt þess að fara í sund reglulega með börnunum mínum, þvílíkur munur.

Ég mun hiklaust halda áfram að nota Bio-Kult Candéa og mæli með Bio-Kult Candéa hylkjunum.“ Bio-Kult Candéa hylkin henta vel fyrir alla, einnig fyrir barnshafandi konur, mjólkandi mæður og börn. Þau fást í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna.

Bio-Kult Candéa er öflug blanda af vinveittum gerlum, hvítlauk og grape seed extract. Það virkar sem öflug vörn gegn Candida sveppnum í meltingarvegi kvenna og karla. Candida í meltingarvegi getur lýst sér á mismunandi hátt og komið fram með ólíkum hætti. Einkenni Candida sveppsins geta meðal annars verið munnangur, fæðuóþol, pirringur, skapsveiflur, þreyta, meltingartruflanir, brjóstsviði, verkir í liðum, mígreni og alls






Kolbrún Hlín Hlöðversdóttir mælir með því að taka inn Bio-Kult Candéa til að bæta meltinguna og losa fólk við óþægindin sem geta fylgt notkun sýklalyfja.

kyns húðvandamál. Kolbrún Hlín Hlöðversdóttir var gjörn á að fá sveppasýkingar, hún var mjög viðkvæm og fékk kláða og óþægindi ef hún notaði dömubindi eða túrtappa. „Ég varð himinlifandi þegar ég áttaði mig á því að ég fékk ekki kláða og pirring þegar ég var á sýklalyfjakúr, blæðingum eða eftir samfarir eins og ég var vön, og það eina sem ég hafði breytt út af vananum með var að nota hylkin frá Bio-Kult Candéa. Venjulega þegar ég hef ég verið á sýklalyfjakúr hef ég tekið inn margfalda skammta af mjólkursýrugerlum (acidophilus), en það virkar miklu betur fyrir mig að nota Bio-Kult Candéa hylkin. Eftir að ég kynntist Bio-Kult Candéa hef ég ekki notað neina aðra mjólkursýrugerla þar sem það virkar langbest fyrir mig. Ég er mjög ánægð með árangurinn af BioKult Candéa.“

Bio-Kult Candéa er öflug vörn gegn Candida sveppnum á viðkvæmum svæðum hjá konum.

Hægt er að nálgast ítarlegar upplýsingar í íslenskum bæklingi á heimasíðu IceCare, www. icecare.is og heimsækið Facebook-síðu IceCare til að taka þátt í léttum leik.

Bio-Kult Candéa hylkin fást í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna.

# Trúir varla hversu vel LIÐIR virka

## Amínó® Liðir er liðkandi blanda með náttúrulegum efnum úr fiskprótíni úr hafinu við Ísland og hefur gagnast vel.

Snorri Snorrason vélamaður hefur notað Amínó® Liði með góðum árangri en fyrir rúmu einu ári fór að bera á miklum stirðleika í liðum hjá honum. „Ég hef ekki fengið neina nákvæma skýringu á hvað hrjáði mig, hugsanlega þetta og hugsanlega hitt. Síðan tóku liðir upp á því að bólgna mikið og kom sá tími að ég gat ekki stigið í fæturna vegna stirðleika og bólgu. Ég hef prófað ýmislegt en ekkert hefur virkað og slegið almennilega á þessi einkenni,“ segir Snorri og útskýrir að konan hans hafi heyrt af undraefninu Amínó® Liðum og sett honum fyrir að taka það reglulega í um einn mánuð og sjá hvort hann myndi finna mun. „Það vantaði ekki virknina! Ég var farinn að finna mun á rúmri viku, allt í einu gat ég bara stigið óhikað í fæturna. Í dag er enginn stirðleiki og ég tek bara Amínó® Liði inn. Þetta allavega svínvirkar á mig og gerir mér gott. Ég finn ekki fyrir stirðleika í ökkla og úlnlið og vil ég þakka það Amínó® Liðum, engin spurning.“




**Fæðubót úr fiskprótíni**

Amínó® Liðir, Amínó® Létt og Amínó® 100% eru nýjar vörur úr fiskprótíni sem var þróað og unnið hjá Iceprotein, íslensku sprotafyrirtæki á Sauðárkróki. Amínó® vörulínan samanstendur af fæðubótarefnum sem innihalda þorskprótín, ásamt öðrum lífvirkum efnum sem styðja við eða auka heilsubætandi virkni þorskpeptíða. Amínó® Liðir er liðkandi blanda með náttúrulegum efnum úr fiskprótíni úr hafinu við Ísland. Það inniheldur sæbjúgu (Cucumaria frondosa) og IceProteins® (vatnsrofin þorskprótín). Skrápurinn samanstendur að mestu leyti af brjóski og er því mjög ríkur af kollageni en einnig lífvirka efninu chondroitin sulphate sem verndar liði fyrir skemmdum og örvar endurbyggingu á skemmdu brjóski. Fyrir utan að innihalda kollagen og chondroitin sulphate er sæbjúgnaextraktið ríkt af sinki, joði og járni sem og bólguhemjandi efnum sem nefnast saponin. Auk sæbjúgna og IceProteins® inniheldur Amínó® Liðir túrmerik, D-vítamín, C-vítamín og mangan. Kollagen, chondroitin sulphate, D-vítamín, C-vítamín og mangan eru allt efni sem eru mikilvæg fyrir liðaheilsu.



Snorri hafði prófað ýmislegt við stirðleika í liðum en ekkert virkaði og sló almennilega á einkennin fyrr en hann prófaði Amínó Liði.

# Býr til snyrtivörur og hreinsiefni úr matvælum

Caitlin Wilson býr til eigin svitalyktareyði, tannkrem og hreinsiefni. Hráefnin finnur hún í eldhúsinu.

Vera Einarsdóttir
vera@365.is



Caitlin Wilson er verkefnisstjóri skóla á grænni grein hjá Landvernd og heldur utan um Grænfánaverkefnið svokallaða, sem er starfrækt á öllum skólastigum. Hún hefur eðli málsins samkvæmt mikinn áhuga á umhverfisvernd og fór að prófa sig áfram með heimagerðar snyrtivörur og hreinsiefni fyrir nokkrum árum. Hún hélt námskeið um hvernig má bera sig að hjá Landvernd í fyrra og hjá Umhverfisstofnun fyrir skemmstu.

Efnin sem Caitlin býr til eru flest unnin úr matvælum. „Helsti kosturinn við að gera eigin hreinsiefni og snyrtivörur er að þú veist nákvæmlega hvað þau innihalda. Þú getur þannig forðast grunsamleg og jafnvel skaðleg efni og þarft ekki að setja spurningamerki við þau efni sem eru í kringum þig og börnin þín. Þú getur jafnframt valið lífræn og „fairtrade“ hráefni,“ segir Caitlin.

Á námskeiðunum hefur Caitlin kennt þátttakendum að gera tannkrem, hreinsiefni og svitalyktaeyði.

Svitalyktareyðinn kalla ég Svitalyktaræði. Hann er úr kókosolíu, matarsóda, maíssterkju og ilmkjarnaolíu að eigin vali. Caitlin segir blönduna virka vel. „Kókosolía er í eðli sínu sveppaeyðandi en þegar maður svitnar myndast góð skilyrði fyrir bakteríur sem kókosolían vinnur á. Matarsódinn og maíssterkjan draga í sig raka og ilmkjarnaolían gefur góða lykt.“



Caitlin segir hægt að forðast grunsamleg og jafnvel skaðleg efni með því að búa til eigin snyrtivörur og hreinsiefni. „Þú þarft þá ekki að setja spurningamerki við þau efni sem eru í kringum þig og börnin þín.“ MYND/ANTON BRINK



Caitlin segir alla þurfa að líta sér nær í umhverfismálum og að auðvelt sé að losa sig við margs konar eiturefni af heimilinu.

> Helsti kosturinn við að gera eigin hreinsiefni og snyrtivörur er að þú veist nákvæmlega hvað þau innihalda.
>
> Caitlin Wilson

Í hefðbundnum svitalyktareyðum er ál sem margir hafa sett spurningarmerki við. Caitlin segir gott að losna við áhyggjur af því. Hún tekur þó fram að mikilvægt sé að kaupa matarsódann í heilsuverslunum því hefðbundinn matarsódi geti innihaldið aukefni.

Tannkremið sem Caitlin gerir er líka búið til úr matarsóda. „Þá blanda ég saman matarsóda og vatni þangað til áferðin verður eins og tannkrem. Út í það set ég „wintergreen“ ilmkjarnaolíu sem gefur myntubragð.“ Caitlin segir tannkremið virka vel og að notkun þess gefi góða hreinlætistilfinningu. „Það inniheldur hins vegar ekki flúor sem tannlæknar segja mikilvægt til að forðast tannskemmdir. Ég hef því notað heimagerða tannkremið einu sinni á dag og hefðbundið einu sinni á móti.“

Hreinsiefnið sem Caitlin gerir kallar hún töfrahreinsi. Þar gegnir edik meginhlutverki en það er sótthreinsandi og hefur lengi verið notað til þrifa. Út í það blandar hún nokkrum dropum af uppþvottalegi. „Ég bæti svo appelsínu- og sítrónuberki við til að fá frískandi lykt.“ Caitlin notar töfrahreinsinn á gler, eldhús, bað og annað yfirborð en líka til skúringa.

Caitlin segir alla þurfa að líta sér nær í umhverfismálum og að auðvelt sé að losa sig við margs konar eiturefni af heimilinu með því að búa til eigin snyrtivörur og hreinsiefni. „Ég hvet fólk til að prófa sig áfram. Það er mjög gaman.“

## Töfrahreinsiefni

fyrir gler, öll yfirborð og gólf

**100 ml 5% lífrænt epladedik**
**300 ml vatn**
**10 ml uppþvottalögur (umhverfisvænn, t.d. Ecover)**
**Appelsínu- og sítrónuhýði (afgangshýði eru tilvalin)**

Öllum hráefnum blandað saman í spreybrúsa eða krukku. Hægt er að nota gömul dagblöð til að pússa gler og tuskur og eins til að þurrka yfirborð. Þegar ég skúra spreyja ég efninu beint á gólfið. Geymist við stofuhita á dimmum stað.

## SvitalyktarÆÐI

**200 ml lífræn kókósolía (við stofuhita)**
**50 ml lífrænn matarsódi (nota minna fyrir viðkvæma húð)**
**50 ml maíssterkja**
**30 dropar bergamot (eða önnur, t.d. rósa- ) ilmkjarnaolía**

Blandið kókósolíu, matarsóda og maíssterkju saman í skál. Notið hendurnar til að nudda vel saman. Blandið svo ilmkjarnaolíu út í. Setjið svitlyktaræðið í krukku. Notið puttana til að setja undir hendur og látið þorna áður en farið er í föt. Geymist við stofuhita á dimmum stað.

## Tannkrem

**75 ml lífrænn matarsódi**
**10 dropar wintergreen ilmkjarnaolía**
**Vatn**

Blandið saman í krukku þar til áferðin er eins og tannkrem. Það getur þurft að bæta við vatni eftir einhvern tíma ef blandan þornar. Dýfið tannburstanum ofan í kremið og burstið. Geymist við stofuhita.



# SKAPAÐU ÞÍNA EIGIN SKÁL



## HVAÐ VEITIR ÞÉR VELLÍÐAN?

Það er ekki bara hollur matur sem nærir þig, heldur er það líka það sem þú tekur þér fyrir hendur í lífinu sem gefur þér andlega næringu og fyllingu. Með því að finna þína ástríðu, drifkraft og hæfileika blómstrar þú. Það köllum við þitt gló.

Gló hefur verið starfandi í nærri 10 ár þar sem þessi boðskapur hefur verið drifkraftur fyrirtækisins.

gló

**#MITTGLÓ**

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 17-0495







Hér að ofan sést hvernig eldhúsið var fyrir breytingar. Útkoman er glæsileg.

# Fjölskylduvænt og bjart eldhús

## Telma Björg Þórarinsdóttir og Kristján Guðmundsson tóku eldhúsið hjá sér í gegn. Útkoman er vel skipulagt, vinnuvænt og bjart fjölskyldueldhús.

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@365.is



Telma og Kristján hafa búið í eldra húsi á Dalvík í fjögur ár. Þau voru strax ákveðin í að taka húsið í gegn en gáfu sér góðan tíma til að ákveða hvað skyldi gera. Í byrjun árs hófust þau handa og gjörbreyttu eldhúsinu en það gamla var orðið barn síns tíma, frá árinu 1973.

„Við vildum fyrst og fremst fá fjölskylduvænt eldhús þar sem öllum liði vel,“ segir Telma sem er mjög ánægð með breytingarnar. Nýja eldhúsinnréttingin er í hvítu háglans og borðplatan úr hvíttaðri eik. Á gólfinu er einnig hvíttuð eik, þó eilítið dekkri en borðplatan. „Okkur finnst hvítt háglans mjög fallegt og það er gott að halda því hreinu. Við vildum líka fá hlýjan lit með og þess vegna varð hvíttuð eik fyrir valinu.“

### Teiknaði sjálf upp eldhúsið

Þau Telma og Kristján höfðu ákveðnar hugmyndir um hvernig þau vildu hafa eldhúsið og fannst skynsamlegast að opna það og fá birtuna inn. „Ég teiknaði okkar hugmyndir niður á blað og fékk síðan aðstoð hjá starfsfólki trésmíðaverkstæðisins Hyrnunnar á Akureyri til að útfæra þær nánar. Þeir bentu mér líka á góðar lausnir varðandi tækjaskápinn. Við létum síðan smíða innréttinguna hjá Hyrnunni.“

Til að tengja betur eldhúsið og borðstofuna tóku Telma og Kristján niður heilan vegg og stækkuðu dyraop til að hleypa meiri birtu inn. Eftir breytingarnar er opið inn í borðstofuna og Telma segir að fyrir vikið sé hún notuð miklu meira en áður. „Við erum ekki með eldhúsborð heldur borðum núna alltaf við borðstofuborðið.“

Framkvæmdir urðu heldur meiri en upphaflega var áætlað. Telma segir að fyrst þau hafi á annað borð verið byrjuð hafi þau ákveðið að setja hita í gólfið á eldhúsinu, stofunni og anddyrinu og flísaleggja að því loknu. „Við fórum til Reykjavíkur og völdum parketflísar úr Vídd. Þá tókum við ofna og sólbekki í burtu og enduðum með að heilspartla alla veggi,“ segir Telma en þau völdu að mála alla veggi hvíta. „Við vissum að húsið myndi gjörbreytast við þessar framkvæmdir og vildum byrja á að mála allt í hlutlausum lit og sjá hvernig það kæmi út. Við erum mjög ánægð með hvíta litinn og ólíklegt að við málum í öðrum lit. Við erum meira fyrir minna og viljum hafa látlaust í kringum okkur.“



Eldhúsið er með góða tengingu við borðstofuna. eftir breytingarnar.

### Vinir og ættingjar hjálpuðu

Allt var þetta heilmikil vinna en þau fengu góða hjálpa frá fjölskyldu og vinum. Framkvæmdir hófust í byrjun janúar sl. og lauk um miðjan febrúar. „Við eigum tveggja ára dóttur og eigum von á öðru barni síðla sumars og ákváðum því strax að vera ekki heima á meðan við stóðum í þessum framkvæmdum, enda var allt út í ryki og múrbroti.“

Að sögn Telmu voru þau búin að reikna út allan kostað, sem vissulega hækkaði með frekari framkvæmdum. „Það voru engin óvænt útgjöld og þessar framkvæmdir voru hverrar krónu virði.“

> „Við vildum fyrst og fremst fá fjölskylduvænt eldhús þar sem öllum liði vel. Við erum mikið í eldhúsinu og núna er vinnuaðstaðan frábær og geymsluplássið endalaust.



# Malbik

Kynningar:
Brimborg
Fagverk
GSG
Malbikunarstöðin Höfði
Malbikunarstöðin
Hlaðbær-Colas

FÖSTUDAGUR 31. MARS 2017




Á myndinni eru Ólafur Árnason og Þórarinn Vilhjálmsson, söluráðgjafar hjá Brimborg, og frá Jóni og Margeiri ehf. í Grindavík eru Margeir Jónsson, Jón Gunnar Margeirsson og Árni Margeirsson. MYND/GVA

## Volvo býður öflugar vinnuvélar

Brimborg er með umboð fyrir Volvo atvinnutæki sem eru í eigu Volvo AB í Svíþjóð. Þar ber að nefna Volvo CE vinnuvélar, Volvo Trucks vörubifreiðar, Volvo Bus hópferðabifreiðar, Volvo Penta bátavélar og Renault Trucks vörubifreiðar.

Kristinn Már Emilsson, framkvæmdastjóri Volvo atvinnutækjasviðs hjá Brimborg, segir að öll framleiðsla Volvo atvinnutækja sé undir ströngum gæðakröfum þar sem megingildin í hönnun og framleiðslu séu: Quality, safety and environmental care eða: Gæði, öryggi og umhyggja fyrir umhverfinu.

### Volvo CE vinnuvélar

Þegar kemur að malbikunarvélum og völturum þá er Volvo CE með breiða framleiðslulínu. Í dag eru framleiddar margar stærðir malbikunarvéla og með mismunandi undirvögnum frá Volvo CE. Bæði stórar vélar eins og ABG 9820 sem eru hugsuð í stærri verk þar sem hámarks malbikunarbreidd getur verið allt að 16 metrar og einnig minni vélar eins og ABG 2820 þar sem malbikunarbreidd getur verið frá 1,5 metrum upp í allt að 4 metra en slík vél hentar eins og gefur að skilja í smærri verk. Eins og áður sagði eru malbikunarvélarnar frá Volvo fáanlegar með tvenns konar undirvögnum, annars vegar á beltum og hins vegar á hjólum. Hægt er að fá þessar vélar með mismunandi breiddum á útleggjurum en „DuoTamp High Density" útleggjararnir frá Volvo CE þjappa malbikið mjög vel þegar það er lagt sem gerir það að verkum að minna þarf að valta yfirborð malbiks þegar malbikunarvélin hefur unnið sína vinnu.

### Ný malbikunarvél á leiðinni

Malbikunarstöðin Höfði hf. hefur fest kaup á nýrri Volvo P7820C malbikunarvél sem er væntanleg til landsins í maí. Hér er á ferðinni öflug malbikunarvél á beltum þar sem malbikunarbreiddin getur verið frá 2,5 metrum upp í 13 metra. Kemur vélin með nýjung sem eru tvö ljósamöstur aftan á vélinni sem gera það að verkum að stjórnandi malbikunarvélarinnar getur stjórnað vörubílunum sem eru með malbikið – hvort þeir eigi að bakka, stoppa o.s.frv. Hægt er að sjá flott myndband um P7820C inn á youtube.com undir Volvo tracked pavers.

Loftorka Reykjavík ehf. fékk afhenta nýja Volvo P6820C malbikunarvél á síðasta ári, þar var á ferðinni fyrsta Volvo malbikunarvélina sem Volvo atvinnutækjasvið hefur afhent til þessa. P6820C er

Framhald á síðu 2

Framhald af forsíðu

Volvo malbikunarvél í millistærð sem hentar mjög vel við krefjandi aðstæður og hefur malbikunarvélin staðið vel undir væntingum eiganda og starfsmanna Loftorku í Reykjavík.

### Afkastamiklir valtarar

Töluvert framboð er af völturum í framleiðslulínu Volvo CE en hún skiptist í jarðvegsvaltara SD Singel Drum og malbiksvaltara DD Double Drum. Eru valtararnir frá Volvo CE fáanlegir frá 2,5 tonnum upp í allt að 15 tonn að þyngd.

Fyrstu Volvo jarðvegsvaltararnir hafa nú þegar verið pantaðir og er sá fyrsti, SD115B, væntanlegur til landsins á næstu dögum fyrir Jón & Margeir í Grindavík og Bygg ehf. hefur einnig pantað 13 tonna valtarann Volvo SD135B sem er væntanlegur til landsins í maí. Hefur jafnframt verið pantaður Volvo SD115B á lager en hann ætti að vera kominn til landsins í byrjun sumars.

Er þeim sem vilja kynna sér framleiðslu Volvo CE betur bent á heimasíðu Volvo vinnuvéla á Íslandi eða www.volvoce.is.

### Framkvæmdir við Hádegismóa 8

Volvo atvinnutækjasvið Brimborgar hefur stækkað talsvert að umfangi undanfarin ár auk þess sem aðrar rekstrareiningar innan Brimborgar hafa gert það líka.

Framkvæmdir við framtíðarstað Volvo atvinnutækja við Hádegismóa eru byrjaðar, jarðvinna undir húsnæði lokið og steypuvinna í fullum gangi við sökkla, en húsið verður að hluta til uppsteypt en að stærstu leyti glæsilegt stálgrindarhús. Hönnunarvinna hefur gengið vel við hið nýja húsnæði en að mörgu þarf að hyggja þegar byggja þarf utan um starfsemi sem þjónusta þarf margvísleg atvinnutæki, stór og smá. Eru því án efa spennandi tímar fram undan hjá Volvo atvinnutækjasviði Brimborgar.

### Vefsíður og samfélagsmiðlar

Heimasíður Volvo atvinnutækja eru samtals fjórar. Fyrir Volvo vinnuvélar www.volvoce.is, Volvo vörubifreiðarnar www.volvotrucks.is, fyrir Volvo strætisvagna og rútur www.volvobus. is og fyrir Volvo Penta bátavélar www.volvopenta.is. Jafnframt er haldið úti Facebook-síðu hjá Volvo atvinnutækjum þar sem reynt er að koma á framfæri fréttum og öðru efni er tengist því sem atvinnutækjasviðið er að gera hverju sinni og þeim vörumerkjum sem Volvo atvinnutækjasvið hefur með að gera.

Að lokum vill Kristinn minnast á það að vegna aukinna umsvifa er þörf fyrir góða liðsmenn í hóp fagmanna á Volvo atvinnutækjaverkstæðunum.

Nýtt símanúmer Volvo atvinnutækja er 515 7070.



Volvo jarðvegsvaltari er öflugt vinnutæki. Hægt er að skoða og kynna sér Volvo vinnuvélar á síðunni www.volvoce.is.

# Margt breyst á hálfri öld

Þegar Vilberg Ágústsson hóf störf við malbikun árið 1965 grunaði hann ekki að rúmlega hálfri öld síðar yrði hann enn að. Margt hefur breyst á þessum áratugum, sérstaklega vélakostur og malbikið sjálft. Vegfarendur mættu þó sýna meiri tillitssemi.

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is



Einn reyndasti malbikunarmaður landsins er Vilberg Ágústsson en í vor eru 52 ár síðan hann hóf störf við malbikun. Árið 1965 frétti hann að það vantaði mann í grjótmulningsstöðina sem stendur hjá Malbikunarstöðinni. Hann hóf störf þar og ári síðar hjá sjálfri Malbikunarstöðinni. „Þar byrjaði ég sem smyrjari og var einnig að leysa þá af sem keyrðu malbikunarstöðina. Síðan fór ég að vinna á hjólaskóflu við stöðina.“ Árið 1977 hóf hann störf sem verkstjóri úti í götu við malbiksútlögn og þremur árum síðar tók hann við sem yfirverkstjóri og hefur borið þann titil síðan. „Þær voru nú ekki merkilegar vélarnar sem við höfðum þá miðað við í dag. Vélarnar voru um þrír metrar á breidd en þó var hægt að breikka þær upp í sjö metra en sú aðgerð tók hins vegar hálfan til heilan dag. Það var því mjög mikill mokstur á malbikinu ef eitthvað vantaði upp á breidd útlagnarinnar. Núna er bara ýtt á takka og breikkað frá 3 í 6 metra án mikillar fyrirhafnar.“

Hann segist eiga ekkert nema góðar minningar eftir allan þennan tíma sem hann hefur starfað í greininni og um leið eignast fullt af vinum. „Aðbúnaðurinn hefur alltaf verið nokkuð góður hjá okkur. Sérstakur kaffiskúr hefur alltaf verið með í för og við fáum alltaf sendan hádegismat til okkar.“

### Fjölbreytt verkefni

Munurinn á malbikinu í dag og þegar Vilberg hóf störf er hins vegar mjög mikill. „Þegar ég byrjaði voru bara til fjórar tegundir. Í dag eru þær á bilinu 30-40 talsins. Þessa rúmlega hálfu öld sem ég hef starfað í malbikinu hef ég eðlilega komið að mörgum verkefnum, stórum og smáum. Við höfum t.d. lagt raufamalbik fyrir hitalagnir í fótboltavelli og einnig malbikað hlaupabrautir á Laugardalsvelli, á Laugarvatni og Þorlákshöfn og fleiri stöðum.

Þá malbikuðum við 4. hæðina í bílastæðahúsinu á Hverfisgötu í Reykjavík. Þá þurfti að hífa vél, valtara og allt malbik með krana upp til okkar. Þá sáum við um að malbika bílageymsluna undir 19 hæða turninum í Kópavogi þegar húsið var komið í 11 hæðir. Þar þurfti að keyra 500 tonnum af malbiki með hjólaskóflum inn í geymsluna þar sem engir vörubílar komust inn.“

Vélakosturinn er auðvitað alltaf að batna með hverju árinu og við það aukast afköstin mjög mikið. Það sama verður ekki sagt um mannfólkið, að sögn Vilbergs. „Það sem hefur versnað mjög mikið með árunum er tillitsleysið í fólki. Mörgum finnst eins og við séum að leika okkur að því að hefta för þeirra. Ég vil biðja fólk að sýna okkur öllum sem verðum í því að laga göturnar í sumar tillitssemi. Það bara flýtir fyrir verkunum og við verðum fljótari í burtu.“


Hér er verið að malbika við Asparfell. Myndin er tekin í maí 1974. Ungir menn hlaða gömlu malbiki á vörubíl. Börn fylgjast með í baksýn. MYND/DAGBLAÐIÐ VÍSIR



Vilberg á ekkert nema góðar minningar úr starfi sínu. MYND/GVA

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson | Sölumaður auglýsinga: Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429 | Veffang: Visir.is




## Enn reiðubúnari en áður í hvaða verk sem er

Það er mannlegt að þreytast á löngum vinnudegi og þá er ómetanlegt að geta reitt sig á óþreytandi bakhjarl sem dugar hvað sem á dynur. Komdu og skoðaðu þennan glænýja og fjölhæfa sendibíl sem er þarfasti þjónn hins metnaðarfulla fagmanns.

- **Tveggja ára þjónustupakki fylgir með öllum nýjum PROACE.**
- **Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

3+2 ÁBYRGÐ
2 ÁRA ÞJÓNUSTA
FLEX

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# Byltingarkennd nýjung

**Fagverk verktakar ehf. hafa flutt inn nýjan malbikunarbíl sem notaður verður til holuviðgerða. Malbiksblöndu er dælt í holur með fjarstýrðum armi og sjálfur vörubíllinn er fjarstýrður líka.**



Á bílnum er fjarstýrður armur sem dælir malbikinu beint í holurnar.

Nýi bíllinn er af gerðinni RC Sprider og er framleiddur í Svíþjóð. Þetta er fyrsti bíll sinnar tegundar sem fluttur er hingað til lands,“ segir Vilhjálmur Þ. Matthíasson, framkvæmdastjóri Fagverks, en Fagverk er verktakafyrirtæki sem býr yfir bæði tækjakosti og mannafla til að leysa öll malbikunarverkefni. Undanfarin þrjú ár hefur fyrirtækið séð um allar holuviðgerðir fyrir Reykjavíkurborg og mun nýi bíllinn koma þar að góðum notum.

„Bíllinn er hannaður til holuviðgerða og er í raun byltingarkenndur,“ segir Vilhjálmur. Hann lýsir bílnum nánar. „Þetta er Volvo vörubíll með íláti undir malbiksblöndu sem heldur malbikinu heitu. Ílátið er búið dælubúnaði og armi sem er fjarstýrður þannig að dælt er beint ofan í holuna. Þetta er talsverð breyting því áður þurftu menn að moka malbikinu ofan í holurnar en við það tapaðist nokkur hiti úr malbikinu auk þess sem kornakúrfan skemmdist þegar blöndunni var kastað til,“ lýsir hann og bendir jafnframt á að malbikið tapi aðeins um einni hitagráðu á klukkutíma í bílnum sem þyki afar gott.

Einn mesti kostur bílsins er að minni mannskap þarf við verkið. „Einn maður stjórnar fjarstýringunni meðan annar jafnar efsta lagið á malbikinu. Bíllinn sjálfur er einnig fjarstýrður og því þarf ekki að eyða tíma í að stökkva upp í bílinn til að færa hann til meðan á viðgerð stendur. Það er bylting fyrir öryggi starfsmanna þegar verið er að færa bílinn innan um mannskap sem er upptekinn við vinnu sína.

Fagverk fékk Sprider vörubílinn til landsins fyrir áramót og hefur notað hann nokkuð til malbiksviðgerða nú þegar með góðum árangri. Vilhjálmur hlakkar til að geta notað hann enn meira þegar líður að sumri enda bíður stórt verkefni við holuviðgerðir á götum borgarinnar. „Við munum geta afkastað meiru auk þess sem þetta léttir mjög vinnuna fyrir mennina.“

Vilhjálmur er öllum hnútum kunnugur þegar kemur að malbiki enda fæddur inn í sannkallaða malbiksfjölskyldu. „Fjölskyldan átti í malbikunarfyrirtækinu Miðfelli sem var fyrsta einkarekna malbikunarfyrirtæki landsins, pabba minnir að fyrsta vélin hafi komið 1965 til Miðfells og hjá Miðfelli starfaði öll ættin,“ segir hann glettinn en hann stofnaði Fagverk árið 2004. „Hjá Fagverki starfa 8 frændsystkin sem eru annar ættliður frá Miðfelli og höldum við áfram að byggja ofan á starfsreynslu fyrri kynslóðar og vonandi skilum við henni til þeirrar þriðju síðar.

Meginverkefni fyrirtækisins snúa að malbikun og fræsingu á malbiki en Fagverk er einnig byggingaverktaki, sinnir jarðvinnu og snjómokstri en fyrirtækið býr yfir fullbúnum bílum og tækjum í snjómokstur, söltun og söndun.

Nánari upplýsingar á www.malbika.is. Fagverk verktakar ehf. Spóahöfða 18, Mosfellsbæ.



Lítill hiti tapast úr malbikinu með þessari aðferð.








Fagverk verktakar

2016 Framúrskarandi fyrirtæki

www.malbika.is - www.facebook.com/fagverk






## LF 60

LF seríán: Léttar og meðfærilegar jarðvegs og malbiksþjöppur sem eru hentugar í smærri verk



## LG 300

LG línan fæst frá 148 kg upp í 509 kg. Öflug jarðavegsþjappa með áfram og bakkgír. Öflug græja sem hentar í flest verk



## LH 804

Gríðarlega öflug 820 kg jarðvegsþjappa með fjarstýringu. Hentug td í stærri verk með erfiðu aðgengi










**KRAFTVÉLAR**

Dalvegur 6-8 • 201 Kópavogur • Sími 535 3500
Draupnisgata 6 • 603 Akureyri • Sími 535 3526
www.kraftvelar.is • kraftvelar@kraftvelar.is

# Samskeytalausar viðgerðir

## GSG ehf. býður samskeytalausar viðgerðir á holum, sprungum og röngum vatnshalla í malbiki.

Þorvarður Kristjánsson, framkvæmdastjóri hjá GSG ehf., segir sérsvið fyrirtækisins vera geislahitun í malbiksviðgerðum

„Við notum svokallaðan gashlemm í viðgerðirnar en með honum getum við hitað upp malbikið í kringum skemmdirnar. Þegar heitt malbik mætir heitu malbiki verða samskeytin ekki sjáanleg. Þegar þessari aðferð er beitt brotnar síður upp úr samskeytum og vatn kemst ekki undir viðgerðirnar.“

Hægt er að hólfa hlemminn niður í mismunandi stærðir og þannig er hægt að eiga við ólíkar skemmdir. Hitanum er stýrt svo nýja malbikið bindist því gamla fullkomlega.

„Á meðan á viðgerð stendur kviknar og slokknar á hlemminum svo malbikið brenni ekki. Það er mikilvægt að gamla malbikið brenni ekki vegna þess að þá er ekki hægt að endurnýta það með nýju malbiki. Þegar nýju malbiki hefur verið bætt við er viðgerðin jöfnuð út í rétta hæð og að lokum er farið yfir með valtara. Útkoman er samskeytalaus malbiksviðgerð sem stenst allar kröfur og endist vel.“



„Við notum svokallaðan gashlemm í viðgerðirnar en með honum getum við hitað upp malbikið í kringum skemmdirnar.“

„Við tökum að okkur malbikun á vegum, heimreiðum, plönum og malbikum einnig göngu- og hjólastíga, hraðahindranir og rampa. Þegar aðstæður leyfa ekki varanlegar viðgerðir, til dæmis yfir vetrartímann, er hægt að gera við til bráðabirgða. GSG sérhæfir sig einnig í öðrum þjónustuþáttum svo sem málun á bílastæðum, vélsópun og þvotti, lóðaþjónustu og fleiru,“ segir Þorvarður. „Það er öllum velkomið að hafa samband og við gerum viðkomandi tilboð í verkið.“

GSG

• MÁLUN BÍLASTÆÐA
• VÉLSÓPUN OG ÞVOTTUR
• MALBIKSVIÐGERÐIR
• LÓÐAÞJÓNUSTA
• RAFBÍLASTÆÐI

www.gsg.is ✆ 588 4800



# Fleiri ferðamenn á vegum úti

Umferð um vegi landsins hefur ekki farið varhluta af fjölgun ferðamanna til landsins. Rannsóknir á vegum Vegagerðarinnar benda til að í fyrra hafi um 960 þúsund ferðamenn nýtt sér bílaleigubíla á landinu sem eru töluvert fleiri en árin þar á undan. Sem dæmi þá virðast um 480 þúsund þeirra hafa leigt sér bíl árið 2014. Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni er áætlað að tólf sinnum fleiri ferðamenn hafi leigt bíl yfir helstu vetrarmánuðina í fyrra en árið 2009, eða um 166 þúsund manns á móti 13-14 þúsund. Um helmingur þeirra sem leigðu bíl ók að meðaltali um 1.700 km í þá daga sem þeir dvöldu á landinu, en það gera um 230 km á dag.

Áætlað er að ferðamenn frá Bandaríkjunum séu stærsti hluti þeirra sem taka bíl á leigu, eða 24% af heildinni. Í fyrra komu um 1.300 bílar á dag til Þingvalla í júlí og ágúst á síðasta ári en mun færri komu þangað í janúar, eða um 329 bílar á dag.



Umferð eykst í takt við fjölgun ferðamanna. NORDICPHOTOS/GETTY




## Lokað fyrir umferð á Kalkofnsvegi

Kalkofnsvegur milli Hverfisgötu og Geirsgötu hefur verið lokaður fyrir umferð tímabundið vegna framkvæmda.

Til að draga úr áhrifum lokunar hefur Tryggvagötu verið breytt í tvístefnuakstur, en á hluta hennar hefur verið einstefna vegna framkvæmda við Straujárnið eins og byggingin Hafnarstræti 19 hefur verið kölluð.

Strætó sem ekið hefur úr Lækjargötu upp á Hlemm ekur nú um Hverfisgötu í stað Sæbrautar. Sama gildir um akstur frá Hlemmi.

Þetta hefur þó nokkur áhrif á umferð í miðborginni í sumar enda verður umferð ekki hleypt á gatnamót Geirsgötu og Kalkofnsvegar á ný fyrr en í ágúst. Fyrst í stað verða þar þrengingar en gatnamótin verða að fullu frágengin í nóvember.

Á verktíma verða tímabundnar þrengingar og hjáleiðir. Ökumenn eru því beðnir um að gefa sér tíma þegar þeir eiga leið um þetta svæði.



## Flestir bílar á Íslandi og Ítalíu miðað við höfðatölu

Það mæðir mikið á vegum landsins en samkvæmt skýrslu Opplysningsrodet for Veitraffikken (OVF) sem kom út árið 2015 eiga íbúar Íslands og Ítalíu flestar bifreiðar miðað við höfðatölu. Sagt er frá þessu í norska blaðinu Bileiere Norge og á vef FÍB, fib.is

Í báðum þessum löndum eru 1,6 einstaklingar um hvern bíl. Í Evrópu eru að meðaltali 2,4 einstaklingar um hvern bíl. Í Ameríku eru 3,7 einstaklingar um hverja bifreið og í Afríku eru þeir 45. 58,5 einstaklingar eru um hverja bifreið á Indlandi.

Séu Norðurlandaþjóðirnar skoðaðar sérstaklega kemur í ljós að Finnar eru í öðru sæti á eftir Íslendingum en þar eru eru 1,9 um hverja bifreið. Í Noregi er 2,1 á hvern bíl, í Svíþjóð 2,2 og í Danmörku eru þeir 2,5.



# Fagmennska og framþróun

## Malbikunarstöðin Höfði hf. sinnir fjölbreyttum verkefnum víða um land. Áhersla er lögð á umhverfisvænar lausnir og rannsóknir.

Malbikunarstöðin Höfði hf. er gamalgróið fyrirtæki sem stendur á gömlum merg Malbikunarstöðvar Reykjavíkurborgar. Hér innanbúðar búum við að mikilli reynslu og þekkingu," segir Halldór Torfason framkvæmdastjóri Malbikunarstöðvarinnar Höfða.

Fyrirtækið rekur bæði grjótmulningsstöð og malbikunarstöð að Sævarhöfða 6-10 og annast útlögn á malbiki. Stærstu verkefnin eru unnin fyrir Vegagerðina, Reykjavíkurborg og stærstu sveitarfélög landsins en auk þess sinnir Malbikunarstöðin Höfði fjölbreyttum verkefnum fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Á veturna sinnir fyrirtækið snjóruðningi og söltun gatna.

### Öflug rannsóknarstofa

Malbikunarstöðin Höfði er framarlega í tækniþróun til að lágmarka mengun.

Fyrirtækið framleiðir malbik við bestu fáanlegu tækni (BAT) sem hægt er að fá í Evrópu og stuðlar þannig að því að lágmarka umhverfisáhrif af framleiðslunni. Fyrirtækið hyggst minnka útblástur $CO_2$ á næstu árum til að mæta kröfum samþykktar um loftslagsmál. Starfsfólk rannsóknarstofunnar annast eftirlit með stýringu á umhverfisþáttum fyrirtækisins.

Á rannsóknarstofu fyrirtækisins fer fram þróun á samsetningu og blöndun efna í malbik.

„Það má líkja því að búa til malbik við kökubakstur. Við samsetningu hráefna þarf uppskrift til þess að fá sem besta útkomu í samræmi við kröfur kaupandans," segir Halldór. „Við vinnum að umhverfisvænum lausnum og því eru rannsóknir mikilvægur þáttur í starfsemi okkar. Malbik er einfalt efni, samsett úr steinefnum og biki (asphalt) sem er náttúrulegt efni. Við höfum verið að þróa og betrumbæta það sem við þegar þekkjum en einnig komið fram með nýjungar. Rannsóknarteymið annast einnig eftirlit með framleiðslunni og öll efni sem koma inn, og einnig þau sem fara út, eru rannsökuð. Við erum með vottað gæðakerfi og vottað umhverfisstjórnunarkerfi og þá er í undirbúningi vottun á öryggis- og heilbrigðiskerfi."

### Standast ströngustu kröfur

Ólíkar tegundir malbiks eru notaðar í göngustíga og þungar umferðaræðar. Halldór segir notkun á endurunnu malbiki mögulega og leyfilegt sé að nota gamalt malbik til íblöndunar við nýtt, standist það kröfur.

„Við höfum mikinn áhuga á því að auka notkun á endurunnu malbiki en malbik er 100% endurvinnanlegt efni. Á lóðinni okkar rekum við tvær malbikunarstöðvar og getur önnur þeirra framleitt malbik með endurunnu malbiki en þá er hluti af gömlu malbiki notaður sem íblöndunarefni í nýtt. Við höfum framleitt og notað endurunnið malbik síðastliðin þrjú ár, í fjölmarga hjóla- og göngustíga og plön.

Það fer þó eftir eðli verkefna hver áhugi kaupandans er og það er himinn og haf milli uppskriftanna sem notaðar eru í stíga og þungar umferðaræðar. Strangar kröfur eru gerðar til hráefnanna sem fara í viðkomandi malbikstegund og svo gerðina sjálfa. Þessar kröfur eru settar fram af eiganda vegarins sem oftast er ríkið eða sveitarfélögin. Kröfurnar til stórra umferðaræða eru mjög miklar og sömu kröfur og gerðar eru annars staðar í Evrópu varðandi slitþol, frostþol og styrk.

„Það er ekkert skrítið að varkárni sé gætt þegar leggja á malbik á þungar umferðaræðar. Ábyrgðaraðli viðkomandi vegar þarf að vita hundrað prósent hvaða efni er verið að nota í veginn og það er ekki alltaf vitað með gamalt malbik sem kemur hingað inn. Þetta er skiljanlegt, en það er heimilt að nota gamalt saman við nýtt ef öruggt er að það standist kröfur. Þá er einnig mikill áhugi á að koma ýmsum úrgangi í malbiksvinnsluna, svo sem gleri og gúmmíi. Við höfum ekki farið út í viðamiklar rannsóknir á því enn sem komið er en fylgjumst vel með því sem er að gerast í þessum efnum erlendis."




Halldór Torfason, framkvæmdastjóri Malbikunarstöðvarinnar Höfða.
MYND/ANTON BRINK

Kraftfag býður upp á fyrsta flokks þjónustu varðandi allt sem við kemur malbikun og gatnaframkvæmdum.





Gerum verðtilboð:

- Við bjóðum aðstoð og ráðleggingar varðandi val á lausnum fyrir viðskiptavini
- Ástandsskoðanir og úttektir
- Malbikun gatna, bílastæða og göngustíga
- Malbiksviðgerðir, sprungufyllingar og aðrar lagfæringar
- Gröftur og uppúrtekt á gömlu malbiki eða steypu
- Jarðvinna, lagnavinna og undirbúningur vegna malbikunar

Tökum að okkur verkefni fyrir einstaklinga, húsfélög, fyrirtæki, verktaka og sveitarfélög.

KRAFTFAG

Sími 8965332 | kraftfag@simnet.is | Óseyri 2 | 600 Akureyri






Carnehl malarvagnar
í öllum stærðum og gerðum.

Vinnuvélar
Tækjamiðlun Innflutningur Sala

Vinnuvélar– tækjamiðlun ehf // Kistumel 2 // 116 Reykjavík // Sími 480 0444 // vinnuvelar@vinnuvelar.is // www.vinnuvelar.is

**MALARVAGNAR**
**GÁMAGRINDUR**
**FLATVAGNAR**

SCHMITZ CARGOBULL á talsvert af notuðum uppítökutækjum á lager sem Hrauntak getur boðið á góðu verði, svo sem malarvagna,kæli- og frystivagna, gámagrindur og flatvagna.

authorized ServicePartner of
SCHMITZ CARGOBULL




HRAUNTAK - SKÚTUVOGI 8 - S. 580 1500 - WWW.HRAUNTAK.IS

# Við elskum malbik

## Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas hefur malbikað öll jarðgöng og flesta flugvelli á landinu síðustu tuttugu árin. Undanfarið hefur tækjakostur fyrirtækisins verið endurnýjaður. Nýjar malbikunarstöðvar og valtarar.

Gunnar Örn Erlingsson, sviðsstjóri framkvæmdadeildar, segir að verkefnastaða fyrirtækisins sé mjög góð og mörg spennandi verk framundan. „Strax eftir páska byrjum við að malbika Norðfjarðargöng og reiknum með að í þau fari um 17 þúsund tonn af malbiki og í kjölfarið byrjum við á jarðgöngum við Bakka á Húsavík. Síðan erum við að byrja að yfirleggja báðar flugbrautirnar og flugvélastæði fyrir flugvélar á Keflavíkurflugvelli. Vegagerðin var svo nýlega með útboð á verkefnum næstu mánaða og við erum að vinna í því núna,“ segir Gunnar.

„Við erum nær eina fyrirtækið sem hefur malbikað jarðgöng á Íslandi síðustu tuttugu árin og höfum auk þess séð um að malbika flesta flugvelli á landinu. Við sinnum stórum sem smáum verkefnum og höfum unnið mikið fyrir Vegagerðina og sveitarfélög um allt land,“ upplýsir Gunnar.

### Nýr tækjakostur

Tækjakostur Hlaðbæjar-Colas er sá besti sem völ er á. Nýlega voru tvær nýjar malbikunarstöðvar teknar í notkun, önnur er við Keflavíkurflugvöll en hin er færanleg og nýtist m.a. við jarðgangavinnu. „Við höfum endurnýjað og bætt við tækjaflotann síðasta árið og innan skamms fáum við svokallaðan malbiksmatara sem verður sá eini sinnar tegundar á landinu. Hann er millistig á milli malbikunarvélarinnar og vörubílanna,“ útskýrir Gunnar.

### Endurvinna malbik

Hlaðbær-Colas hefur tekið við malbiksafgöngum um árabil og hefur staðið að þróunarverkefni sem snýr að endurvinnslu malbiks. „Við viljum endurnýta það að fullu. Við höfum m.a. notað endurunnið malbik í göngustíga í samvinnu við Grindavíkurbæ, t.d. í kringum Grindavík og við Bláa lónið.“

Spurður um ástand vega á landinu segist Gunnar vera bjartsýnn í þeim efnum. „Sveitarfélögin eru almennt að gefa í og eftir erfiða tíð er farið að huga betur að ástandi vega, til dæmis hefur Reykjavíkurborg nær tvöfaldað sitt framlag til malbikunar. Ráðamenn sjá að þörfin fyrir nýtt malbik er komin að þolmörkum, eins og allir sjá sem keyra um götur borgarinnar. Það gengur ekki að horfa á gatnakerfið grotna niður, það er allt of mikið í húfi. Íbúarnir eru ósáttir og göturnar verða að vera í lagi.“



Nýja malbikunarstöðin er glæsileg. Hún er staðsett við Keflavíkurflugvöll. MYND/HLYNUR ÞÓR HJALTASON

### Innleiða gæðakerfi

Hlaðbær-Colas vinnur stanslaust að umbótum og hefur innleitt gæðakerfin ISO14001 og OHASA 18001. „Annað snýr að umhverfisvottun og í því felst m.a. að taka betur tillit til umhverfis, spara olíu og takmarka útblástur. Við viljum líta okkur nær hvað þetta varðar. Til að fá þessa vottun er fyrirtækið reglulega tekið út af BSI. Hitt snýr að öryggi og heilsu starfsmanna og öðrum sem vinna með okkur. Við viljum gæta fyllsta öryggis þar sem þetta getur verið stórhættuleg vinna, sérstaklega þegar við erum að malbika umferðargötur.

Við erum einnig sífellt að þróa malbikið betur og vinna að því að lengja endingu þess,“ segir Gunnar.

Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas býður upp á fyrsta flokks þjónustu varðandi allt sem viðkemur malbikun og gatnaframkvæmdum almennt. Fyrirtækið leggur mikla áherslu á að aðstoða viðskiptavini og veita þeim faglega ráðgjöf varðandi verkefni og úrbætur, hvort sem það er fyrir einstaklinga, húsfélög, fyrirtæki, verktaka eða sveitarfélög.






Við erum á Facebook
Nordurbik

- **NORÐURBIK** hefur tvær færanlegar malbikunarstöðvar sem einfalt er að flytja hvert á land sem er án mikillar fyrirhafnar.
- **NORÐURBIK** býr yfir margra ára reynslu í framleiðslu á malbiki fyrir m.a. flugvelli, götur, bílaplön og stíga.
- **NORÐURBIK** framleiðir kalt viðgerðarmalbik sem hefur m.a. reynst mjög vel til holuviðgerða.
- **NORÐURBIK** er eini óháði framleiðandi malbiks á Íslandi.

**Norðurbik ehf · Ægisnesi 2 · 603 Akureyri · nordurbik@simnet.is · 896-1334 & 896-1340**

# Fliegl vagnar í Malbikið





**Fliegl Push-Off vagnar og pallar**



**Fliegl Termo vagnar**

Fliegl TRAILER

**Allir vagnar frá Fliegl eru sérhannaðir fyrir 6 og 10 hjóla dráttarbíla**

RAG import - export
Rafn A. Guðjónsson
Helluhraun 4, Hafnarfirði
s. 565 2727 • gsm 892 7502 • www.rag.is

# Enn er unnið við Borgarfjarðarbrú

Enn er verið að vinna að endurbótum á Borgarfjarðarbrú og er önnur akreinin lokuð og umferð stýrt með umferðarljósum. Viðgerðir munu standa yfir fram til 20. júní en byrjað var á þessum framkvæmdum fyrst árið 2012. Brúin er 520 metra löng en hún var opnuð umferð árið 1981. Umferðin hefur gengið vel yfir brúna þrátt fyrir tafir.

Borgarfjarðarbrúin var lengi baráttumál bæði íbúa í Borgarnesi og á öllu Snæfellsnesinu. Þess utan stytti brúin leiðina um hringveginn norður til Akureyrar. Leiðin frá Reykjavík til Borgarness styttist um 28 km. Framkvæmdir við brúna hófust árið 1975. Halldór E. Sigurðsson, fyrrverandi samgönguráðherra, barðist hatramlega fyrir smíði brúarinnar og klippti á borðann þegar hún var vígð.





## Plast í götum framtíðarinnar

Hjá hollenska fyrirtækinu Volker Wessels eru á prjónunum áætlanir um að endurvinna plast í gatnagerð. Með því vonast Hollendingarnir til að minni tími fari í lagningu veganna og eins minnki viðhald til muna. Plastvegirnir eigi einnig að endast lengur en malbikaðir vegir. Á volkerwessels.com segir að VolkerWessels, Wavin og Total vinni saman að frekari þróun á hugmyndinni.

Einn af kostum þess að nota plast til vegagerðar telur Volker Wessels vera að plastvegur þoli miklar hitabreytingar eða allt að 40 gráðu frost og upp í 80 gráðu hita á Celsíus. Þá eigi yfirborðið ekki að eyðast eins hratt og malbik og endist plastvegurinn jafnvel þrisvar sinnum lengur en malbikaður vegur. Plastvegurinn verði lagður í bútum ofan á sandgrunn og taki framkvæmdirnar því skemmri tíma en hefðbundin vegagerð. Holrúm inni í plastblokkinni gæti nýst undir lagnir og rör. Nánar má lesa um verkefnið á volkerwessels.com.



## Lengsti bílvegur heims

Pan-American þjóðvegurinn er lengsti bílvegur heims samkvæmt heimsmetabók Guinness. Hann nær yfir 30 þúsund kílómetra. Þó er ekki hægt að aka hann allan í einum rykk þar sem á honum miðjum er um 100 km eyða milli Panama í Mið-Ameríku og Kólumbíu í Suður-Ameríku, sem kallast Darién Gap.

Vegurinn liggur um ótrúlega fjölbreytt landslag og veðurbelti, allt frá þykkum frumskógum til eyðimarka. Sumir hlutar vegarins eru aðeins færir á vissum tímum ársins og sumir kaflar hans eru hættulegir yfirferðar.

Hugmyndin að veginum sem liggja átti frá öðrum enda Ameríku til hins vaknaði fyrst árið 1889 en þá voru uppi áform um að byggja lestarkerfi á þessari leið. Sú hugmynd varð þó aldrei að veruleika. Það var loks í júlí 1937 að skrifað var undir samkomulag Ameríkuríkja um lagningu vegarins en Mexíkó varð fyrst allra til að klára sinn hluta vegarins árið 1950.

Norðurhluti vegarins liggur um níu lönd: Kanada, Bandaríkin, Mexíkó, Gvatemala, El Salvador, Hondúras, Níkaragva, Kosta Ríka og Panama.

Suðurhluti vegarins liggur um átta lönd: Súrínam, Gvæjana, Venesúela, Kólumbíu, Ekvador, Perú, Chile og Argentínu.

Seljum öll tæki til malbiksframkvæmda og malbiksviðgerða.



Wendel
Tangarhöfða 1
110 Reykjavík
Sími 551 5464
Fax: 551 4531
wendel@wendel.is
www.wendel.is

# Nýtt frá Ali
# Sous Vide
# KJÚKLINGABRINGUR




## Þrjár stakar bringur í bakka

Með Sous Vide eldunaraðferðinni er kjúklingurinn hægeldaður í eigin safa í lofttæmdum umbúðum við lágan hita sem tryggir rétta og nákvæma eldun. Ef þú vilt hita er bringan sett í heitt vatn eða örbylgju og hituð í pakkningunni. - Fljótlegt, gott og þægilegt í alla kjúklingarétti heita sem kalda. - Gott er að nota safann af bringunni í heita eða kalda sósu.

Ali

TAKTIK 4827#

# Besta fjölskyldu-sportið

## Sigurður G. Steinþórsson gullsmiður fékk veiðidellu á unga aldri. Faðir hans var mikill laxveiðimaður og veiðiáhugann hefur öll stórfjölskyldan erft.



Sigurður í fullum skrúða með tvo flugulaxa úr Laxá á Skógarströnd.

Elín Albertsdóttir
elin@365.is



Sigurður reynir að komast í veiði svo oft sem mögulegt er yfir sumartímann. Hann á hlut í Laxá á Skógarströnd og þangað fer öll fjölskyldan til veiða. Á staðnum er veiðihús þar sem skapast mikil stemning, að sögn veiðimannsins. „Ég hef haft tengsl við þennan stað í bráðum sextíu ár. Þetta er stór jörð, Borgir á Skógarströnd, sem faðir minn keypti hlut í á sínum tíma ásamt fleirum. Við systkinin keyptum síðan hans hlut. Við eigum þetta því nokkur saman og skiptumst á að vera þarna,“ útskýrir Sigurður.

„Það er talsvert um lax í Laxá en þar sem áin er í einkaeign er ekkert verið að moka honum upp. Við veiðum mest á flugu okkur til gamans. Ég gæti trúað að það væru á annað hundrað laxar sem eru veiddir yfir sumarmánuðina. Stundum sleppa menn laxinum en ég vil frekar taka hann,“ segir Sigurður sem finnst laxinn góður. „Konan mín eldar laxinn þó betur en ég. Svo fer eitthvað í reyk eða við gröfum hann. Laxveiði er fjölskyldusport hjá okkur. Eiginkona mín, Kristjana Ólafsdóttir, dætur, tengdasynir og sjö barnabörn veiða öll. Ég veiddi sjálfur í fyrsta sinn þegar ég var sjö ára. Það var í Þingvallavatni með pabba. Ég fékk þriggja punda bleikju. Þá varð ekki aftur snúið með þetta áhugamál. Barnabörnin mín hafa fengið allar græjur til laxveiði aðeins fjögurra ára gömul og öll hafa þau fengið sinn maríulax.

Laxveiði er frábær skemmtun fyrir alla fjölskylduna og útiveran gerir manni gott. Það hafa allir gaman af þessu. Við förum venjulega öll saman vestur og það er mjög skemmtilegt, veiðum, grillum og skemmtum okkur. Það er alltaf mikil hátíðarstund þegar fyrsti laxinn er dreginn á land. Einu sinni á ári fer ég síðan í karlatúr,“ segir Sigurður sem hnýtir ekki flugur en hann hefur smíðað nokkrar úr gulli.

Sigurður vonast eftir meiri rigningu á Skógarströndinni í sumar en var í fyrra. „Það er betra ef hann rignir, það var mjög þurrt fram eftir öllu sumri í fyrra. Þetta er bergvatnsá og vatnsmagnið byggist á ofankomu. Við leggjum mikla áherslu á að fara vel með ána. Nú fer að styttast í að maður geri klárt fyrir sumarið en það þarf alltaf að dytta að húsinu á vorin.“

Laxveiði hefur verið aðaláhugamál Sigurðar alla tíð. Á sjötugsafmæli sínu á dögunum fékk hann búnað til að leika golf svo að nú gæti áhugamálum hans fjölgað. „Ég var búinn að segja það einhvern tíma að ég væri ekki kominn á aldur fyrir golfið. Það hafa ekki allir verið sammála því,“ segir hann. „En nú ætla ég að byrja að æfa golf,“ segir Sigurður sem er ekkert á því að hætta að vinna strax.



Sigurður G. Steinþórsson, gullsmiður og laxveiðimaður, hefur stundað veiði frá unga aldri. Hann veiðir á flugu en hnýtir þær ekki. Sigurður hefur hins vegar smíðað nokkrar flugur úr gulli. MYND/ANTON BRINK


## „Íslensk ber eru ofurfæða“

Segir Eyjólfur Friðgeirsson eigandi Íslenskrar hollustu ehf.

Rannsóknir benda til að regluleg bláberjaneysla geti haft fyrirbyggjandi áhrif á krabbamein, alzheimer og hjartakvilla. Þekkt er að berin hafa mjög góð áhrif á heilbrigði augnanna. Í þeim er mikið af andoxunarefnum.

Nýlegar rannsóknir í Háskólanum í Exeter á Englandi hafa leitt í ljós að heilbrigt fólk á aldrinum 65 til 77 ára, sem drakk saft úr bláberjum á hverjum degi fékk bætt minni, blóðflæði til heilans jókst og prófun sýndi aukna heilastarfsemi.

Dr. Joanna Bowtell, yfirmaður Íþrótta og heilsuvísinda Háskólans í Exeter, sagði:“Í þessari rannsókn höfum við sýnt fram á að dagleg neysla á 30 ml af bláberjasafa í tólf vikur eykur blóðflæði heilans og starfsemi hans batnar.”

Íslensk hollusta ehf er stærsti seljandi íslenskra berja hér á landi. Á undanförnum árum hefur fyrirtækið verið með á hverju hausti 10 til 12 tonn af berjum. Berin eru seld fersk á haustin og frosin allt árið.

Frosin ber frá fyrirtækinu í eru seld í Bónus, Melabúðinni, Fjarðarkaupum, Frú Laugu og fleiri verslunum. Mikið af berjum er selt til veitingahúsa, brugghúsa og fl.

Fyrirtækið vinnur sultur úr íslenskum aðalbláberjum, bláberjum, krækiberjum og hrútaberjum. Sulturnar innihalda 80% ber og mjög lítið af sykri eða aðeins 20%. Úr krækiberjum er gerður hrásafi sem er 100% hreinn safi án nokkurra viðbættra efna.

Eðalsaft frá Íslenskri hollustu ehf er gerð úr aðalbláberjum og bláberjum. Saftin er ekki soðin og heldur því fersku náttúrulegu bragði og öllum innihaldsefnum óskemmdum. Í eðalsaftinni er viðbættur sykur um 7%. Fyrirtækið þurrkar aðalbláber við lágan hita og selur þau í duftformi og einnig í hylkjum til inntöku.





SsangYong

# 4x4

## REXTON – ALVÖRU JEPPI!




**VERÐ AÐEINS: 4.790.000 KR.**

## GERÐU SAMANBURÐ Á VERÐI OG BÚNAÐI Á BENNI.IS

1975 | Bílabúð Benna | 2015

**Verið velkomin í reynsluakstur!** | **benni.is.**

**Reykjavík**
Tangarhöfða 8
Sími: 590 2000

**Reykjanesbær**
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

**Bílaríki, Akureyri**
Glerárgötu 36
Sími: 461 3636

**Opið:**
Virka daga frá 9:00 til 18:00
Laugardag frá 12:00 til 16:00

Bílabúð Benna
*Sérfræðingar í bílum*

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.



Kristján við sína uppáhaldsiðju. Myndin er ein af fáum sem náðst hafa af honum sjálfum en iðulega stendur hann hinum megin við vélina.

# Veiðir um 60 til 80 daga á ári

Kristján Friðriksson heldur úti veiðisíðunni fos.is og er nýkjörinn formaður fluguveiðifélagsins Ármanna. Hann sýnir lesendum þá hluti sem eru ómissandi í veiðimennsku hans.

Sólveig Gísladóttir
solveig@365.is

Veiðidellan er lífseigasta sýki sem hægt er að fá og hún er ólæknandi," segir Kristján sem sýktist fyrst sem gutti. „Dellan lá í dvala frá bílprófi og fram undir fertugt þegar hún greip illa um sig á ný og hefur verið ódrepandi síðan," segir Kristján léttur. Eiginkona Kristjáns er aðalveiðifélagi hans. „Hún er jafn andsetin og ég enda er á heimilinu aldrei sagt „má ég fara í veiði" heldur „hvenær eigum við að fara í veiði?"," segir hann og hlær.

Þau hjónin eyða dágóðum tíma við veiðimennsku ár hvert.



„Ætli við förum ekki í kringum sextíu til áttatíu daga á ári í veiði. Við erum töluvert mikið inni á hálendi, þá mest í Framvötnunum sunnan Tungnaár. Þá nýtum við hið snilldarlega veiðikort mjög vel," segir Kristján en þau hjónin stunda aðeins vatnaveiði. „Við eltumst ekki við lax, frekar silung."

Inntur eftir því hvort hann sé aflakló er Kristján fremur seinn til svars, segir þó að þau hjónin hafi samanlagt veitt ríflega sex hundruð fiska í fyrrasumar. „Í Framvötnunum eru ógrynni af fiski og ekki mælt með að sleppa bleikju í vötn þar sem krökkt er af henni. Því fáum við mikið af smáfiskum líka," útskýrir Kristján en allur aflinn er nýttur, bæði stórir og litlir fiskar. „Eitthvað fer í reyk, sumt er grafið og svo höfum við verið að herða smáfiskinn og búa til bleikjuharðfisk sem er algert sælgæti."

Kristján heldur úti vefsíðunni fos.is þar sem hann bloggar um áhugamálið, sýnir myndir sem hann tekur og hefur safnað saman heilmiklum fróðleik um veiði. Kristján er einnig nýkjörinn formaður Ármanna. „Það er eina fluguveiðifélagið á Íslandi og er afar virkt," segir hann og bendir á vefsíðuna armenn.is.



## Ómissandi hlutir í veiðiferðina



**1 Vöðlur**
Þegar maður veiðir svona mikið á ári þarf maður að eiga nokkuð góðar vöðlur, eða endurnýja þær reglulega. Ég hef valið seinni kostinn. Ég er þá ekki í dýrum vöðlum og vörumerkið skiptir mig ekki máli, heldur að þær séu þokkalega þjálar og nóg af vösum á þeim. Á myndinni eru öndunarvöðlur þannig að maður soðnar ekki undan þeim. Skórnir eru sér og þar hef ég tekið sama pólinn í hæðina. Þetta er mikið labb í kringum vötn, í hrauni og sandi þannig að ég hef frekar keypt ódýrari skó og endurnýjað þegar þeir eru búnir.

**2 Flugur**
Ég hnýti flugur fyrir okkur hjónin. Í boxinu eru uppáhaldsflugurnar mínar. Litlu kvikindin til vinstri eru peacockar í ýmsum útfærslum, blóðormur, pheasant tail, hérinn og mýflugur. Til hægri eru straumflugur í ýmsum útfærslum en þær eru frekar ætlaðar fyrir urriða.

**3 Veiðistöng og háfur**Stöngin er númer 7, níu og hálft fet, frekar mjúk. Ég vil gjarnan vera með mjúka stöng, köstin verða mýkri og nákvæmnin meiri en í þessum stóru, þungu og hröðu stöngum sem laxveiðimenn nota oft. Á stönginni er flotlína. Háfinn er nauðsynlegt að hafa með sér ætli maður að sleppa fiski, þá á maður ekki að eltast við hann og draga hann á land.



**4 Veiðivesti.**
Í vestinu leynist ýmislegt. Þar eru gleraugu, en maður má aldrei fara í veiði öðruvísi en að vera með gleraugu, það er öryggisatriði númer eitt. Svo er ég með klippur til að klippa girni og taumaenda, púpubox, straumflugubox og þurrflugubox. Veiðivestið er mikilvægt þannig að allt sé við höndina. Í einum vasanum er ég yfirleitt með góða myndavél. Ég nota GoPro töluvert mikið því þá get ég tekið upp jöfnum höndum vídeó og góðar myndir.



# VEIÐIPORTIÐ

ÚT Á GRANDA

ÚT Á GRANDA

Grandagarði 3, 101 Reykjavík, Sími 552 9940 | Opið mán.–fös. kl. 10–18. Laugard. kl. 10–16

veidiportid.is

veidiportid.is

VISION® FLY FISHING

## Stærsta og framsæknasta fluguveiðimerki í Evrópu er nú komið í Veiðiportið

**Gæði og einstaklega hagstæð verð hafa komið Vision á toppinn í Evrópu**



### Vision Ikon zipp 2,0 6 laga vöðlur með rennilás

Þessar vöðlur komu Vision á kortið hvað varðar endingu á vöðlum. Leiðsögumenn um allann heim gefa þeim hæstu einkunn.

**STÓRLÆKKAÐ VERÐ**
**2016 var verðið 74.900 kr**
**Nú 49.900 kr**



### Vision Ikon 6 laga vöðlur

Þessar endast og endast. Besta verðið á 6 laga vöðlum á markaðnum í dag.

**Verð 36.900 kr**



**Kaupauki**
Allir sem kaupa Vision vöðlur og jakka fá Vision primaloft jakka í kaupauka að verðmæti **23.900 kr**

### Vision Loikka vöðluskór

Fást með fílt eða gúmmísóla með tungsten nöglum
**Bestu skór sem Vision hefur framleitt.**
Verð, Filt sóli **21.900 kr**
Gúmmi og nagglar **29.900 kr**

### Vision Hooper vöðluskór

Fisléttir og sterkir skór á góðu verði **Verð. 16.900 kr**

### Keeper vöðluskór

Ódýrir en góðir vöðluskór. Frábært verð **Verð 11.900 kr**



Hooper Keeper Loikka

### Vision Jakkar

**Völujakkarnir frá Vision eru þekktir fyrir góða vatnsheldni og endingu.**



Stórir góðir vasar með vatnsheldum rennilásum, flískæddir hliðarvasar vatnshelt stroff Og góð hetta. 3 laga jakkar.
**Verð frá 29.900 kr**

### Vision flugustangir og sett á frábæru verði

**Frá 29.900 kr**



### Flottur U bátur frá Keeper

Sundfit taska og pumpa

**Kynningar verð 24.900 kr**



### Vision flugulínurnar eru heimsþekktar og marg verðlaunaðar klassa línur

**Verð frá 5.900 kr**



### Fluguhjól
### Vision fluguhjólin eru vönduð og á frábæru verði.

**Verð frá 11.900 kr**



# Halló herðapúðar

Ýmis skemmtileg trend dúkkuðu upp á haust- og vetrarsýningum tískuhönnuða í byrjun árs. Meðal annars mátti sjá mun meiri áherslu á herðapúðana góðu. Það verður gaman að sjá hvort þeir skjóta upp kollinum aftur á Íslandi.



F.v. Ellery, Marques' Almeida, Isabel Marant, Jacquemus, Dries Van Noten og Saint Laurent.




Stigahúsateppin okkar eru slitsterk, ofnæmisprófuð og auðveld í þrifum. Gerum verðtilboð að kostnaðarlausu. Komdu og sjáðu úrvalið. Bjóðum aðeins það besta fyrir þig.

Parki INTERIORS

Parki ehf. • Dalvegi 10-14 • 201 Kópavogi • www.parki.is • parki@parki.is • sími: 595 0570


Illska
„þetta er að öllum líkindum ein mikilvægasta sýning leikhúsanna í nokkurn tíma og listamönnunum til mikils sóma."
B.L. - DV
ALLRA SÍÐASTA SÝNING LAUGARDAGINN 1. APRÍL
ÓSKABÖRN ÓGÆFUNNAR OG BORGARLEIKÚSIÐ
Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is

## Lífsstíll

**Lilju Nóttar Þórarinsdóttur leikkonu**



Lilja Nótt er að leggja lokahönd á handritið að fyrstu íslensku læknaseríunni fyrir sjónvarp. Hún leikur í sýningunni Icelandic Sagas – The Greatest Hits sem sýnt er í Hörpu.

**Hvað borðar þú í morgunmat?** Ég hef enga matarlyst á morgnana svo ég byrja daginn á að fá mér kaffi. Þegar ég er búin í ræktinni, á milli klukkan 11 og 12, fæ ég mér oftast eitthvað holt og gott, svo sem salat eða létta samloku.

**Uppskrift að góðri helgi?** Fyrst sumarið er að koma mæli ég með því fara upp í sveit með fjölskyldunni eða góðum vinum og vera úti. Ef það gengur ekki þá er tilvalið að fara í göngutúr um miðbæ Reykjavíkur, fara út að borða og svo í leikhús.

**Hvernig tónlist hlustar þú á?** Ég hlusta á nær alla tónlist nema death-metal þungarokk og ekta kántrítónlist.

**Hvaða app í símanum notar þú mest?** Leggja-bílastæðaappið, fyrir utan samfélagsmiðla á borð við Facebook og Instagram. Leggja.is hefur sparað mér tugi ef ekki hundruð þúsunda.

**Bækur á náttborðinu?** Ég er í tvíburamerkinu svo ég er alltaf með nokkrar bækur í gangi í einu. Núna eru það bækurnar Árdagar Íslendinga eftir Guðmund G. Þórarinsson, Sofðu ást mín eftir Andra Snæ Magnason og leikritið Fjandmaður fólksins eftir Ibsen.

**Hvernig verður sumarfríið?** Við Ólafur Gauti Guðmundsson ætlum að gifta okkur í sumar, svo fríið mitt mun fara í það.

**Helstu verkefni fram undan?** Við erum nokkur saman að leggja lokahönd á handrit að fyrstu íslensku læknaseríunni sem heitir Líflína og fer í tökur eftir áramót. Þetta er hugmynd sem ég hef gengið með í maganum í fimm ár og er loksins að verða að veruleika. Svo er ég að fara inn í Þjóðleikhús að æfa Fjandmann fólksins sem verður frumsýnt næsta haust. Síðan er ég að sigla inn í verkið um Íslendingasögurnar, við sýnum á nær hverjum degi í Hörpu.

# Rétt vökvun er lykilatriði



Pottaplöntur eru vinsælar um þessar mundir. Hér eru nokkur ráð til að halda þeim fallegum.

Flestar pottaplöntur drepast vegna þess að þær eru ýmist vökvaðar of mikið eða of lítið. Séu plönturnar látnar standa í vatni er hætt við að ræturnar rotni og ef vökvun er spöruð um of þorna þær upp. Ein besta leiðin til að meta hvort þurfi að vökva er að skoða moldina í pottinum. Hún á hvorki að vera skraufþurr né gegnsósa.

Blómstrandi plöntur þurfa mikla birtu en þó ekki beinlínis sól. Þær ættu því að standa í gluggum sem snúa í austur eða vestur. Kaktusar og þykkblöðungar þrífast í suðurgluggum.

Hitastig á bilinu 18 til 24 gráður hentar flestum pottaplöntum yfir daginn en 13 til 16 gráður á nóttunni. Hitastigið má vera lægra á veturna en á sumrin vegna lítillar birtu.

Æskilegur loftraki fyrir pottaplöntur er á bilinu 40 til 60% en það er nánast ómögulegt að halda svo háu rakastigi á venjulegum heimilum. Því er nauðsynlegt að úða reglulega yfir blóm eins og orkídeur, burkna og gardeníur sem þurfa mikinn loftraka.

Blóm sem keypt eru í blómabúðum eða gróðrarstöðvum eru ræktuð við kjöraðstæður og þurfa því ekki áburð fyrstu vikurnar. Á sumrin er hæfilegt að vökva heimilisblómin með áburðarlausn á þriggja til fjögurra vikna fresti en sjaldnar yfir vetrarmánuðina. *Heimild: gardheimar.is*


LYFJA
– Lifið heil

**Clinique dagar í Lyfju Lágmúla, Laugavegi, Smáratorgi, Smáralind og Reykjanesbæ dagana 31. mars - 5. apríl.**

**20% afsláttur** af öllum Clinique vörum og glæsilegur kaupauki fylgir ef keyptar eru vörur frá Clinique fyrir 6.900 kr. eða meira.

*meðan birgðir endast




**Pep-start** línan er ein sú vinsælasta frá Clinique, léttar og góðar vörur sem henta öllum húðtýpum.




**Kaupaukinn inniheldur:**

Superdefense dagkrem
Body Buttter
Milda hreinsisápu fyrir andlit
Augnskugga pallettu
Bleikan varalit
Svartan maskara
Fallega Snyrtibuddu

*á meðan birgðir endast

CLINIQUE
Ofnæmisprófað. 100% ilmefnalaust

lyfja.is

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Heilsa

## Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

## Húsnæði

## Húsnæði í boði

4ja herbergja 95fm í búð á Skagaströnd til leigu. Leiga 110 þús. pr. mán. S: 847 8446

## Atvinnuhúsnæði

Skrifstofa til leigu 22 fm á neðri hæð í húsi Sjávarklasans við Reykjavíkurhöfn. Uppl. s. 840 3742

**TIL LEIGU 50 M2**
